FRÉTTABLAÐIÐ
160. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 12. JÚLÍ 2019



Rúm sex ár eru liðin síðan Katrín Jakobsdóttir, þá menntamálaráðherra, tók fyrstu skóflustunguna að Húsi íslenskra fræða. Síðan þá hefur hola íslenskra fræða safnað í sig vatni almenningi til nokkurs ama og fjórum menntamálaráðherrum til háðungar. Nú dregur loks til tíðinda, framkvæmdir hefjast í ágúst og húsið verður opnað árið 2023. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ameríkanar endurreisa WOW

**Bandarískir flugrekendur, ótengdir WAB, hafa keypt flugrekstrareignir þrotabús WOW air. Kaupverðið greitt með eingreiðslu. Markmiðið er að endurvekja lággjaldaflugrekstur á grunni hins fallna flugfélags.**

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá sölu allra eigna þrotabús WOW air sem tengjast flugrekstri. Nafn kaupandans hefur ekki fengist upp gefið en um fjársterka bandaríska aðila er að ræða með mikla reynslu í flugrekstri og áratugalanga starfsemi í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar.

Umfang viðskiptanna hleypur á hundruðum milljóna króna og var það greitt með eingreiðslu. Herma heimildir blaðsins að um sé að ræða bæði vöru- og myndmerki WOW air, WOW lénin, flugrekstrarbækur, bókunarkerfi, hugbúnað, söluvagna, sölutölvur, einkennisfatnað ásamt stærstum hluta varahlutalagers og verkfæra.

Markmiðið með kaupum eignanna er að endurvekja lágfargjaldaflugrekstur til og frá landinu bæði til Evrópu og Bandaríkjanna á grunni WOW air og í samræmi við þá hugmyndafræði sem lá til grundvallar lággjaldaflugi WOW air.

Sveinn Andri Sveinsson, annar skiptastjóra þrotabús WOW air, staðfesti við Fréttablaðið að uppsett kaupverð hafi þegar verið greitt en vildi engar upplýsingar veita um kaupin að öðru leyti.

Kaupendurnir eru nú að kynna sig fyrir viðeigandi íslenskum yfirvöldum og mæta á Samgöngustofu á næstunni til að ræða hugmyndir sínar.



**Páll Ágúst Ólafsson lögmaður.**

**» Umfang viðskiptanna hleypur á hundruðum milljóna og var kaupverðið greitt í einu lagi.**

Páll Ágúst Ólafsson lögmaður hefur haft milligöngu um samskipti kaupendanna við þrotabúið og önnur íslensk stjórnvöld vegna viðskiptanna. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir hann kaupendurna og umrædd viðskipti með öllu ótengd þeim íslensku aðilum sem undirbúið hafa stofnun nýs lággjaldafélags undir nafninu WAB.

Greint var frá áformum tveggja fyrrverandi stjórnenda WOW air þar að lútandi í Fréttablaðinu fyrr í vikunni. Aðspurður segir Páll Ágúst heldur enga úr hópi fyrrverandi eigenda eða stjórnenda hins fallna flugfélags hafa haft aðkomu að viðskiptunum. **– aá**

## Hjaltalín vaknar til lífsins

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Hjaltalín er að vakna af dvala og gefur út nýtt lag í dag. Þá er ný plata væntanleg og sveitin ætlar að tjalda öllu til á stórtónleikum í Hörpu í september. Högni Egilsson, annar söngvara sveitarinnar, segir lagið, Love from 99, fjalla um æskuástir. „Við erum smá að púsla bandinu aftur saman. Við höfum þannig tengingu okkar á milli að það var alltaf ljóst að við myndum spila saman aftur.“ **– ssþ /** **sjá síðu 38**





## Veður




Austlæg eða breytileg átt 3-8 m/s. Skýjað og stöku skúrir, en bjart með köflum um landið norðaustanvert. Yfirleitt skýjað og víða skúrir, einkum sunnan og vestan til. SJÁ SÍÐU 16



Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hundraðasta blóðgjöf Bjarna

**SAMFÉLAG** Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs og áður hjá Siðmennt, gaf blóð í hundraðasta skiptið í gær.

Bjarni gaf fyrst blóð árið 1978 en þá var hann nemi í Iðnskólanum. Að sögn Bjarna hefur blóðgjöf verið samfélagsverkefni hans allar götur síðan og hvetur hann aðra til þess að gera slíkt hið sama.

**» Bjarni gaf fyrst blóð árið 1978 og setti sér markmið fyrir sex árum að ná hundrað skiptum á sextugsafmælinu.**

Fyrir sex árum setti Bjarni sér það markmið að ná hundrað skiptum á sextugsafmælinu sínu og það stóðst upp á dag. Hann fékk góðar móttökur í Blóðbankanum og var leystur út með bókagjöf fyrir framlag sitt.

Í hverri blóðgjöf eru teknir 450 millilítrar af blóði, eða um 10 prósent af heildarmagni blóðs í líkamanum. Bjarni hefur því gefið 45 lítra af blóði á rúmum 40 árum.

Bjarni er búinn að setja sér frekara markmið. „Að minnsta kosti 30 skipti í viðbót fyrir sjötugsafmælið,“ segir hann. – **khg**

# Fjöldi áhorfenda



Nokkur fjöldi ferðamanna var saman kominn að skoða þennan lunda, og reyndar þó nokkurn fjölda annarra, í Hafnarhólma á Borgarfirði eystra þegar ljósmyndari átti leið hjá í vikunni. Ekki var að sjá að lundunum leiddist athyglin og skörtuðu þeir sínu fínasta fyrir framan alla ferðamennina. MYND/GARPUR I. ELÍSABETARSON

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS **Fleiri lundamyndir** er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Alls sextán sýkst af E. coli

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjögur börn til viðbótar greindust með E. coli sýkingu í gær og eru börnin því orðin sextán talsins sem greinst hafa með bakteríuna á undanförnum dögum. Börnin fjögur eru á aldrinum fjórtán mánaða til fjögurra ára.

Þetta kom fram í tilkynningu frá Landlækni. Þar segir að tekin hafi verið sýni frá um þriðjungi starfsfólks Efstadals 2, þangað sem smitin eru rakin, en að enginn starfsmaður hafi greinst með bakteríuna. Þar að auki hafi 27 sýni verið tekin í gær og að staðfest hafi verið að sýking hafi greinst í fjórum þeirra.

Líkt og greint hefur verið frá undanfarna daga eiga börnin það öll sameiginlegt að hafa heimsótt bæinn Efstadal 2 í Bláskógabyggð og að hafa borðað ís sem þar er seldur. Um helmingur barnanna var í tengslum við kálfa á staðnum. – **sks**




# Lömuðu lögregluvakt óvart með berjum

**Bubbi Morthens og bassaleikarinn Jakob Magnússon rekja skrautlegar sögur af sjálfum sér og rokksveitinni Das Kapital og plötunni Lili Marlene í fjórða þætti hlaðvarpsins Sögur af plötum sem er kominn í loftið á Fréttablaðið.is.**

**HLAÐVARPIÐ** „Ég man eftir því að við förum í einhverja sveitasjoppu og þú labbar inn, segir hátt og snjallt við eldri mann í afgreiðslunni „Seljið þið hasspípur?““ segir bassaleikarinn Jakob Magnússon sem er gestur Bubba Morthens í fjórða þætti hlaðvarpsins Sögur af plötum. Í þættinum er farið yfir sögu hljómsveitarinnar Das Kapital og plötunnar Lili Marlene sem gefin var út árið 1984.

„Mér finnst hún vera mín besta rokkplata. Ennþá. Ég á kannski eftir að gefa út eina sem er betri,“ segir Bubbi sem bætir síðan við að það hafi nánast verið ómögulegt að vinna með sér á þessum tíma. Bubbi og Jakob eru sammála um að hljómsveitin hafi aldrei slegið í gegn. „Við vorum í rauninni bara óvinsælir. Við reyndum allt,“ segir Jakob og Bubbi bætir við að fólk hafi beinlínis verið hrætt við þá. „En einhverra hluta vegna var þetta besta rokkband sem ég hef verið í.“

Í þættinum fara félagarnir meðal annars yfir sögurnar af því hvernig þeir kynntust, skrautlegum uppákomum í upptökuferlinu og mikilli eiturlyfjaneyslu sveitarinnar. „Við vorum búnir að reykja af okkur hausinn og sömdum síðan lagið Svartur gítar,“ segir Jakob og lýsir því hvernig þeir fóru í kjölfarið á teiknimyndina Skógarlíf í þrjúbíó. „Ég var næstum því farinn að gráta, þetta var svo falleg mynd. Samt var maður þarna í leðurjakkanum sko,“ segir Jakob og hlær.

Bubbi lýsir svo skrautlegri ferð þeirra félaga í berjamó eftir að myndin var búin. „Við erum með einhvern húmor og vissum auðvitað ekkert að það yrði svona, en við gáfum lögregluvaktinni ber með rjóma ... þeir hafa hugsað með sér: „Já, þessir leðurklæddu gaukar eru bara allt í lagi!“ Heldur betur ekki maður! Vaktin hún varð óstarfhæf – þeir urðu allir óstarfhæfir!“ segir Bubbi og bætir við að þeir félagar hafi sloppið við afleiðingar þótt þurft hafi að kalla til aukavaktir frá Húsavík og Akureyri.

**arnartomas@frettabladid.is**



Í nýjasta þætti af Sögur af plötum segja Jakob og Bubbi frá útúrskökkum ævintýrum sínum þegar þeir voru í Das Kapital. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Vaktin hún varð óstarfshæf – þeir urðu allir óstarfshæfir!**

Bubbi Morthens, tónlistarmaður

**FRÉTTABLAÐIÐ Hlaðvarp**

Hlustaðu á hlaðvarpið hans Bubba og fjölmörg önnur áhugaverð og skemmtileg hlaðvörp á **www.frettabladid.is/hladvarp**


Troðfull verslun af merkjavöru
Hreinsun!
70%
afsláttur af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)

# Mannréttindavaktin fagnar hugrekki Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Ályktun Íslands um stöðu mannréttinda á Filippseyjum var samþykkt í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í gær. Talið er að ríkisstjórn Duterte forseta hafi framið morð og önnur ódæði í nafni stríðs gegn eiturlyfjum. Fréttablaðið ræddi við Lailu Matar frá Noregi sem sér um málefni Filippseyja fyrir Mannréttindavaktina.

„Þetta er aðeins fyrsta skrefið í átt að því að stjórn Duterte axli ábyrgð, en við höfum beðið lengi eftir því,“ segir Matar. „Fórnarlömb mannréttindabrota í landinu skipta þúsundum.“

> **Þetta er aðeins fyrsta skrefið í átt að því að stjórn Duterte axli ábyrgð.**
>
> Laila Matar sérfræðingur í málefnum Filippseyja



Hvort Filippseyjar verði samvinnuþýðar varðandi þá rannsóknarvinnu sem samþykkt var að færi fram er óljóst að mati Matar.

„Stjórn Duterte hefur sýnt gangverki Sameinuðu þjóðanna mikinn mótþróa. En við vonumst til að þessi ályktun knýi hana til þess að verða samvinnuþýðari.“

Samkvæmt ályktuninni verður staða mannréttindamála í landinu könnuð. Matar segir þó að hin móralska hlið sé ekki síður mikilvæg. Hún gefi fórnarlömbum, aðstandendum þeirra og öllu baráttufólki fyrir mannréttindum í landinu von um að alþjóðasamfélagið sé að bregðast við.

„Það er erfitt að segja,“ segir Matar þegar hún er spurð hvað hinum almenna Filippseyingi finnist um þetta. „Áróður stjórnarinnar er mikill og fólk þorir síður að tala gegn henni,“ segir Matar. „Hið svokallaða stríð gegn eiturlyfjum kemur verst niður á þeim fátækustu í landinu. Það er það sem er svo aðdáunarvert við ályktun Íslands. Hún gefur þessu fólki rödd.“

Stuðningur við ályktunina kom víðs vegar að úr heiminum, til dæmis rómönsku Ameríku og Austur-Asíu. Matar segir að þessi víðtæki stuðningur sendi mjög skýr skilaboð til stjórnvalda á Filippseyjum. „Ísland fór fram af miklu hugrekki þrátt fyrir að Filippseyjar hafi haft mun meira bolmagn á bak við sig og beitt því af fullri hörku innan Sameinuðu þjóðanna.“ **- khg**

# Kæra ákvörðun um breikkun á Vesturlandsvegi

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Akraneskaupstaðar hefur falið bæjarstjóra að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar um að breikkun Vesturlandsvegar um Kjalarnes skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í fundargerð bæjarráðs segir að framkvæmdin hafi afar jákvæð samfélagsleg áhrif vegna bætts umferðaröryggis. Vegfarendum sé boðið upp á lífshættulegar aðstæður á umræddu svæði.

„Akranes og íbúar þess hafa lögvarinna hagsmuna að gæta þegar kemur að umferðaröryggi íbúa og að framkvæmdinni sé hraðað en Akraneskaupstað er umhugað um að ekki verði fleiri slys á umræddri leið,“ segir í fundargerðinni.

> **Framkvæmdin er sögð hafa jákvæð samfélagsleg áhrif vegna bætts umferðaröryggis.**

Bæjarráðið segir ákvörðun Skipulagsstofnunar byggjast á röngum forsendum. Ekki sé um nýjan veg að ræða heldur breikkun vegarins í 2 plús 1 veg ásamt hliðarvegum, hringtorgum og göngu-, hjóla- og reiðstígum. Það land sem raskist við framkvæmdina sé nú þegar raskað. Ákvörðun Skipulagsstofnunar byggist á langsótti lögskýringu. Því beri að ógilda ákvörðunina. **– aá**

## LEIÐRÉTTING

*Fréttablaðið greindi ranglega frá því í gær að eldri borgurum bæri að greiða 1.800 krónur inn á söfn borgarinnar í stað þess að fá frían aðgang. Rétt er að þeim gefst nú kostur á að fá menningarkort á 1.800 krónur sem gildir næstu árin inn á öll söfn borgarinnar. Kortið er endurnýjað einu sinni á ári endurgjaldslaust.*

# Fleiri borgarbúar vilja flokka plast og biðlisti eftir tunnum

**Biðlisti hefur myndast eftir grænum tunnum til að flokka plast í borginni. Von er á 600 nýjum tunnum í næstu viku. Meirihluti plastsins sem flokkað er fer í orkuframleiðslu í Svíþjóð.**



Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri Skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg.

**UMHVERFISMÁL** „Við erum með hundrað og fjórtán manns á biðlista núna eftir tunnum en þær koma líklega í næstu viku,“ segir Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri Skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg. Mikil eftirspurn hefur verið hjá borgarbúum eftir grænum tunnum sem notaðar eru til að flokka plast frá öðru rusli.

Guðmundur segir að alltaf sé að bætast í hóp þeirra sem vilji flokka heimilissorp til endurvinnslu og að von sé á um 600 nýjum grænum tunnum til landsins. „Það virðist spyrjast út og smita út frá sér þegar íbúar fá sér græna tunnu.“

Árni Erlingsson, viðskiptastjóri Gámaþjónustunnar, tekur undir orð Guðmundar og segir að eftirspurn eftir endurvinnslutunnum hafi aukist jafnt og þétt hjá fyrirtækinu. „Þetta er alltaf að aukast. Það er mikill áhugi fyrir flokkun og mikið er spurt hvernig eigi að flokka og annað. Það er greinilega mikil vakning í samfélaginu.“

Það plast sem sent er til endurvinnslu hefur í gegnum tíðina að mestu leyti verið sent til Kína en síðastliðinn vetur hætti landið að taka við plasti til endurvinnslu. „Eftir að Kínverjarnir lokuðu markaðnum þá fór allt eiginlega á hliðina en við erum að vona að það verði komið betra skikk á þetta síðar á árinu,“ segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. „Nú fer plastið að mestu leyti í orkuendurvinnslu. Það fer í fjarvarma- og rafmagnsframleiðslu í Svíþjóð.“

> **Eftir að Kínverjarnir lokuðu markaðnum þá fór allt eiginlega á hliðina.**
>
> Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu



Björn bætir við að með því að endurvinna plastið í orku sé því komið í hringrás í stað þess að það sé urðað. „Svona fer þetta í nýtingu annars staðar, hjá þeim sem þurfa á orkunni að halda, jafnvel þó að þetta sé ekki efnisendurunnið þá fer þetta samt sem áður í betri farveg heldur en að fara í urðun.“

Hluti plasts sem fellur til hjá Íslendingum fer enn í efnisendurvinnslu og verður þannig að öðru plasti. „Eins og plastflöskur undan gosdrykkjum til dæmis, þær eru enn þá fluttar út og eru notaðar meðal annars í flíspeysur. Svo auðvitað flytjum við þær heim, þvoum þær og hvert fer þá plastið? Beint út í sjó, svo það er vandlifað en auðvitað er best að koma plastinu í hringrás og flokka ruslið.“ **birnadrofn@frettabladid.is**






# Þarf að sleppa stórlaxi til að geta veitt stórlax



Stórlax úr Blöndu. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

**VEIÐI** Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur og sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, segir að stórlaxi sé nú að fjölga í íslenskum ám.

„Við eigum eftir að geta betur skoðað ástæður þess en kenning mín eða tilfinning er sú að veiðihlutfallið á stórlaxi hafi verið of hátt og að það að draga úr því með því að veiða og sleppa hafi orðið til þess að sá hluti stofnsins fari vaxandi núna,“ segir fiskifræðingurinn Guðni.

Þannig að ef menn vilja að hægt sé að veiða meira af stórlaxi eiga þeir að sleppa honum þegar þeir veiða hann.

Það ræðst að sögn Guðna á einu geni í laxinum hvort hann verður stórlax, eða með öðrum orðum lax sem dvelur tvö ár í sjó eftir að hann gengur sem seiði úr ánum.

„Það hefur orðið vart við meira af íslenskum laxi í sýnum fyrir vestan Grænland núna heldur en hefur sést í mörg, mörg ár. Þangað fer stórlaxinn,“ útskýrir Guðni enn fremur.

> **Það hefur orðið vart við meira af íslenskum laxi í sýnum fyrir vestan Grænland núna heldur en hefur sést í mörg, mörg ár.**
>
> Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur og sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun

„Tjáningin á geninu er öðru vísi hjá hængum heldur en hjá hrygnum,“ heldur Guðni áfram og bætir svo við:

„Þess vegna er alltaf stærri hluti af tveggja ára laxinum hrygnur og stærri hluti af smálöxunum eru hængar.“

**- gar**

77 %

Inniheldur 77% vatn

# Mundu eftir töflunum

Samkvæmt gamalli hjátrú eiga kartöflur að geta læknað bæði tannpínu og gigt. Við vitum ekki hvort það eigi við rök að styðjast, en taktu samt eina kvölds og morgna til öryggis.



KOLEFNISJAFNAÐ KOLVIÐUR ICELAND CARBON FUND FRÁ BÓNDA TIL ÞÍN

islenskt.is

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

# Indverskir iPhone loks á markað



**TÆKNI** Búist er við því að fyrstu iPhone-símarnir frá Apple sem framleiddir eru í verksmiðju Foxconn á Indlandi komi á markað þar í landi í næsta mánuði. Þetta hafði Reuters eftir heimildum sínum í gær.

Með því að framleiða síma á Indlandi vonast Apple til þess að geta lækkað verðið á tækjum sem þar eru seld. Símarnir eru eftirsóttir á Indlandi en sökum þess hversu dýrir þeir eru fyrir meðalneytandann hefur Apple ekki nema um eins prósents markaðshlutdeild.

Nú þegar sala Apple-síma og annarra dregst saman er Indlandsmarkaður afar mikilvægur. Ein af stóru ástæðunum fyrir þessum samdrætti er sú að sala nýrra snjallsíma í Kína hefur dregist saman undanfarin misseri. Nú þegar kínverski snjallsímamarkaðurinn stækkar ekki eins ört er horft til næstfjölmennasta ríkis heims, Indlands. **– þea**

# Fjögurra vikna gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla fór í gær fram á og fékk fjögurra vikna gæsluvarðhald yfir manni sem talinn er hafa stungið annan mann í Neskaupstað í fyrrinótt. Sá grunaði var leiddur fyrir dómara á Egilsstöðum síðdegis í gær en dómari hefur tekið sér stuttan frest til að taka afstöðu til kröfunnar.

Maðurinn sem hlaut stungusárið var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur þar sem hann gekkst undir aðgerð á Landspítalanum. Líðan mannsins er sögð stöðug þrátt fyrir mikla áverka og er hann sagður á batavegi.

Málið er rannsakað sem stórfelld líkamsárás og liggja engir aðrir undir grun en maðurinn sem hefur verið handtekinn. Beðið hefur verið um aðstoð tæknimanna frá rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við rannsókn málsins. **– kdi**

# Íbúar verða settir í forgang komi til skerðingar á raforku

**Rafmagnsveitustjóri hjá RARIK segir að íbúar verði settir í forgang ef til orkuskorts kemur, líkt og varað er við í nýrri skýrslu Landsnets. Forstjóri Landsnets segir fáar góðar lausnir til skemmri tíma og óttast að það þurfi að nota olíu. Iðnaðarráðherra segir þörf á að fyrirbyggja mögulega rafmagnsskerðingu.**

**ORKUMÁL** Varað er við hugsanlegum orkuskorti árið 2022 í nýrri skýrslu Landsnets og Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri sagði að ef það gerðist þyrfti að skerða rafmagn á álagstímum. Tryggvi Þór Haraldsson, rafmagnsveitustjóri hjá RARIK, segir að staðan sé enn svartari.

„Við höfum haft áhyggjur af hugsanlegum orkuskorti. Þetta er þó háð því hvort það verði gott vatnsár eða ekki,“ segir Tryggvi en vatnsaflsvirkjanir eru háðar úrkomu. „Ef við fengjum slæmt vatnsár núna í vetur, þá gæti orðið skortur strax á næsta ári, miðað við raforkuþörf samkvæmt raforkuspá.“

RARIK rekur tvær fjarvarmaveitur, hitaveitur hitaðar með rafmagni, á Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði, en útlit er fyrir að þeim verði lokað.

„Aukning notkunar hefur verið meiri en aukning framleiðslunnar,“ segir Tryggvi. „Það hefur ekki fengist leyfi til að fara í þær framkvæmdir sem menn hafa talið að þyrfti til. Í rammaáætlun eru nokkuð fáir kostir í nýtingarflokki og þeir hafa verið umdeildir af umhverfisástæðum.

Það eru fáar góðar lausnir til skemmri tíma,“ segir Guðmundur. „Því miður höfum við óttast það að þurfa fljótlega að nota olíu til að hita vatn hjá fjarvarmaveitum sem hafa keypt ótryggða raforku til hitunar, en sú orka verður væntanlega skert fyrst. Það er verra af fjárhagslegum og umhverfislegum ástæðum. RARIK hefur á undanförnum árum verið að undirbúa niðurlagningu þessara veitna og finna aðrar leiðir til hitunar, meðal annars vegna þess að framboð á ótryggðri raforku er ekki líklegt til að vara lengi við þessar aðstæður. Það á við um fjarvarmaveiturnar á Seyðisfirði og Höfn, en þetta verður ekki síður vandamál hjá Orkubúi Vestfjarða sem rekur nokkrar fjarvarmaveitur.“

Tryggvi telur að komi til þess að þurfi að skerða rafmagn á álagstímum þá verði íbúarnir settir í forgang.

„Ég held að það komi ekki til þess strax að rafmagn verði skert hjá íbúum heldur verði fyrst skert til fjarvarmahitaveitna og bræðslu fiskvinnslunnar. Ég á síður von á því að almenningur verði var við þetta með beinum hætti til að byrja með, en örugglega einhver fyrirtæki.“



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við höfum haft áhyggjur af hugsanlegum orkuskorti.**
>
> Tryggvi Þór Haraldsson hjá RARIK



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, segir stjórnvöld taka ábendingarnar alvarlega. „Annars vegar snýr þetta að þróun á framboði raforku og þar leikur Rammaáætlun stærsta hlutverkið hvað varðar eðlilega aflaukningu í landinu. Óbreytt staða leiðir af sér ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.“

Ráðherra segir að hins vegar snúi þetta að því hvernig orkuöryggi fyrir almenning er tryggt út frá raforku sem til er í kerfinu. Þar sé að störfum starfshópur um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku.

„Sá starfshópur er leiddur af tveimur sérfræðingum úr háskólaumhverfinu, Kristínu Haraldsdóttur og Friðriki Má Baldurssyni, og í honum sitja fulltrúar stærstu orkufyrirtækjanna, Landsvirkjunar, Landsnets, HS Orku og ON, ásamt orkumálastjóra og starfsmönnum ráðuneytisins. Sá starfshópur er að kortleggja raforkumarkaðinn og hvernig unnt sé að fyrirbyggja að upp kunni að koma orkuskortur hjá almenningi og smærri fyrirtækjum og skýra betur ábyrgð aðila á markaði í því samhengi. Starfshópurinn tekur því meðal annars mið af þessari skýrslu Landsnets.“

Að sögn Þórdísar liggja drög að skýrslu starfshópsins fyrir og er ráðgert að hópurinn ljúki störfum í haust. Að sama skapi séu þessi mál til umræðu og skoðunar í starfi starfshóps um gerð langtímaorkustefnu fyrir Ísland, sem muni líta dagsins ljós á næsta ári.

„Ef skerða þarf rafmagn á álagstímum, í slæmum vatnsárum til dæmis, þá eru íbúar almennt settir í forgang í dag. En skerpa þarf á þeim reglum sem um slíkt gilda, og fyrst og fremst reyna eftir því sem unnt er að fyrirbyggja að slík staða geti komið upp að grípa þurfi til skerðinga,“ segir Þórdís. **kristinnhaukur@frettabladid.is**





Vatnsstígur 18 – 10. hæðin.
10. hæðin, 137 fm með glæsilegu útsýni
Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi
Steinn á borðplötu, gólfsíðir gluggar
Vönduð eign



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

**Tilboð óskast**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


# Bretar vara skip sín við Íransstjórn

**BRETLAND** Stjórnvöld á Bretlandi gáfu í gær út viðvörun fyrir öll bresk skip sem sigla í íranskri landhelgi. Viðvörunin er gefin út eftir að varnarmálaráðuneyti Breta tilkynnti á miðvikudag um að írönsk skip hafi reynt að kyrrsetja breskt olíuflutningaskip á svæðinu.

Bretar kyrrsettu íranskt skip við Gíbraltar í upphafi mánaðar vegna gruns um að skipið væri að flytja olíu til Sýrlands í trássi við viðskiptabann. Íransstjórn brást ókvæða við, sagði aðgerð Breta ekkert annað en sjórán og ráðgjafi Ali Khamenei æðstaklerks sagði að Íranar ættu á móti að kyrrsetja breskt skip.

Það er nákvæmlega það sem Íranar reyndu að gera á miðvikudag, að sögn Breta. Skip sem talin eru í eigu írönsku Byltingavarðasveitarinnar (IRGC) sigldu upp að olíuflutningaskipinu British Heritage og reyndu að stöðva það er það var á leið sinni úr Ómanflóa og inn í Hormuz-sund. HMS Montrose, breskt herskip, fylgdi olíuflutningaskipinu og náði að sigla á milli skipanna og þannig stöðva hina meintu tilraun til kyrrsetningar.

Íransstjórn neitaði þessum ásökunum Breta. Sjóher IRGC gaf út yfirlýsingu um að ekki hefði komið til neinna átaka undanfarinn sólarhring. Breska ríkisútvarpið hafði svo eftir Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, að Bretar hefðu skáldað upp ásakanirnar til þess að auka enn á togstreituna. „Þetta eru tilhæfulausar ásakanir.“ **– þea**



Frá kyrrsetningunni við Gíbraltar. NORDICPHOTOS/AFP

> **Íranar eru sagðir hafa reynt að kyrrsetja breskt olíuflutningaskip.**



# Lundarnir sívinsælir

Lundar eru trúlega á meðal þess sem ferðamönnum þykir allra skemmtilegast að skoða hér á landi. Nokkur fjöldi ferðamanna var saman kominn að skoða fuglana þegar Garpur I. Elísabetarson tók þessar ljósmyndir í vikunni.










**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

# Kyrrstaða rofin



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Sala Kaupþings á tuttugu prósenta hlut í Arion banka markar tímamót. Í fyrsta sinn frá falli fjármálakerfisins er einn af viðskiptabönkunum alfarið kominn úr höndum slitabús eða ríkissjóðs. Því ber að fagna. Nú þegar söluferlinu er lokið, sem hófst fyrir um þremur árum og var í höndum kröfuhafa Kaupþings, er ljóst að ríkissjóður getur vel við unað. Samtals hefur ríkið fengið um 100 milljarða í sinn hlut af heildarsöluandvirði Arion, sökum stöðugleikaskilyrða og afkomuskiptasamnings sem kröfuhafar samþykktu, og bankinn er skráður á markað hérlendis og í Svíþjóð með dreifðan eigendahóp erlendra og innlendra fjárfesta. Fullyrða má að sú staða væri ekki uppi ef bankinn hefði endað í fangi ríkisins eins og hugmyndir voru um sumarið 2015.

Meiriháttar breytingar eru óumflýjanlegar á íslenskum bankamarkaði. Kyrrstaðan og einsleitnin er að rofna. Ólíklegt er að nýir stjórnendur Arion banka, með stuðningi stjórnar og stærstu hluthafa, muni taka sér langan tíma í að setja mark sitt á reksturinn. Í bréfi sem bankastjórinn sendi á starfsmenn á sínum fjórða degi í nýju starfi mátti greina áherslubreytingar. Markmiðið sé ekki endilega að vera stærsti bankinn heldur skipti máli að „skila hluthöfum okkar arði“. Strangar eiginfjárkröfur þýða að bankinn hlýtur að skoða leiðir til þess að losa eða selja frá sér eignir, sem binda mikið eigið fé en skila lítilli arðsemi, og ráðstafa þeim fjármunum til annarra og arðbærari verkefna. Með öðrum orðum mun efnahagsreikningurinn minnka og starfsfólki fækka. Það kunna að reynast erfiðar aðgerðir en þær eru nauðsynlegar. Meira af því sama er ekki í boði.

Hvað með hina bankana? Hálfu ári eftir að hvítbók um framtíðarskipan fjármálakerfisins var kynnt er hafin vinna sem miðar að því að hefja söluferli á þeim bönkum – Íslandsbanka og Landsbankanum – sem eru í eigu ríkisins. Það mun taka tíma að losa um eignarhald ríkissjóðs, fimm til tíu ár, en raunhæft er að hægt verði að ljúka við sölu á hlut í öðrum hvorum bankanum á næsta ári. Alþjóðlegt útboð og skráning Arion, sem sýndi að það er áhugi hjá erlendum fjárfestum á íslenskum bönkum, mun koma að gagni þegar hlutir í ríkisbönkunum verða boðnir til sölu.

Áhugi og verð helst jafnan í hendur. Sé tekið mið af hlutabréfaverði Arion banka má áætla að virði Íslandsbanka og Landsbankans sé um 300 milljarðar. Hlutfallslega lágt verð bankanna kemur ekki á óvart. Rekstrarkostnaðurinn er of mikill og arðsemi af reglulegum rekstri óásættanleg. Þar spila inn í sértækir skattar, háar eigin- og lausafjárkröfur – bankarnir binda um þrefalt meira eigið fé en aðrir norrænir bankar – og skortur á virkum eigendum. Áhugasamir fjárfestar munu vilja vita við hverju má búast þegar kemur að lagalegri umgjörð um rekstur bankanna horft fram í tímann. Mikilvægt er að sýn stjórnvalda liggi þar skýrt fyrir, einkum hvað varðar þá fráleitu sértæku skatta sem bankarnir greiða í dag, enda ljóst að það ræður miklu um það verð sem mun fást fyrir bankana.

Það er ekki eftir neinu að bíða. Ríkið getur ekki, og það er hvorki æskilegt né fjárhagslega skynsamlegt, verið eigandi að meirihluta íslenska bankakerfisins. Ótvíræðir hagsmunir skattgreiðenda eru að ríkissjóður dragi skipulega úr áhættu sinni gagnvart óarðbærum bankarekstri. Til að svo verði þurfa forystumenn ríkisstjórnarinnar að sýna pólitíska forystu og kjark. Það sagði enginn að þetta yrði auðvelt.

**Ríkið getur ekki, og það er hvorki æskilegt né fjárhagslega skynsamlegt, verið eigandi að meirihluta bankakerfisins.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hundsbit**

**Huldupenninn Týr álpaðist til þess að reita hvassyrtan mannskap til reiði í pistli sínum í Viðskiptablaðinu þegar hann gerði Berg Þór Ingólfsson að höfundi ádeiluleikritsins Svartalyng og reyndi að tjarga hann og fiðra fyrir þær sakir og meinta lélega aðsókn. Hinn rétti höfundur, Guðmundur Brynjólfsson rithöfundur og djákni, lætur Tý ekki eiga neitt inni hjá sér á Facebook. Segir hann í „innstu íhaldsklíku Sjálfstæðisflokksins“ sem situr uppi með „viðbjóðslegt skítabix“ með vísan til ærulyftingar barnaníðingsins Róberts Downey sem bergmálar í verkinu. „Það er vel skiljanlegt að maskínan reki út hundræfla sína um hálfu ári eftir að verkið var tekið af fjölunum.“**

**Bolabragð**

**Týr, líklega nafnleyndinni feginn, kallaði rafræna reiðiöldu yfir sjálfan sig og Viðskiptablaðið. Halldór Auðar Svansson, fyrrverandi borgarfulltrúi, er á meðal þeirra sem lögðu orð í þann belg og sagði sjúkt að veitast að Bergi fyrir það eitt að „taka upp hanskann fyrir dóttur sína í réttlætisbaráttu sem þolandi kynferðisofbeldis“. Þá lýsti hann Tý tudda sem veit að hann hefur vondan málstað að verja og þakkaði „ritstjórn Viðskiptablaðsins enn og aftur fyrir að sýna hið rétta andlit blaðsins“.** **toti@frettabladid.is**

# Fjölskylduvænni námsaðstoð



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Frumvarpsdrög um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, nýjan námsstyrkja- og lánasjóð, voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í vikunni. Frumvarpið er afurð heildarendurskoðunar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Markmið þess er að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja.

Með samþykkt frumvarpsins verða gerðar róttækar breytingar á námslánakerfinu og verður stuðningur við barnafólk aukinn sérstaklega. Í núverandi námslánakerfi er lánað fyrir framfærslu barna en með nýju fyrirkomulagi geta lánþegar fengið styrk vegna slíkrar framfærslu. Ákvæði þetta er nýmæli en markmiðið með styrknum er að jafna aðstöðu lánþega sem eiga börn og annarra lánþega, og koma í veg fyrir hærri skuldsetningu þeirra að námi loknu. Gert er ráð fyrir að styrkur til framfærslu hvers barns sé í samræmi við námstíma námsmanns að hámarki 96 mánuðir.

Fæðingartíðni á Íslandi er í sögulegu lágmarki og námsmenn á Íslandi eru líklegri til að hafa fjölskyldu á framfæri en námsmenn í öðrum Evrópuríkjum. Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að styðja enn betur við barnafólk en í ársbyrjun voru til að mynda óskertar hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði hækkaðar um rúm 15% og er lenging samanlagðs réttar foreldra til fæðingarorlofs úr 9 mánuðum í 12 í farvatninu. Með Stuðningssjóði íslenskra námsmanna munum við styðja betur við barnafólk sem þiggur lán hjá sjóðnum á meðan á námi stendur.

Frumvarp um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna er mikilvægt og tímabært skref í þá átt að bæta kjör og aðstæður námsmanna líkt og fjallað er um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Ég þakka námsmannahreyfingunni og þeim fjölmörgu sem komið hafa að undirbúningi þessa tímamótafrumvarps og hvet áhugasama til þess að kynna sér frumvarpsdrögin sem nú eru aðgengileg í samráðsgátt stjórnvalda.

**Frumvarp um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna er mikilvægt og tímabært skref í þá átt að bæta kjör og aðstæður námsmanna líkt og fjallað er um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Þetta reddast

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þegar Íslendingar líta í eigin barm og gerast gagnrýnir á sjálfa sig (sem er ekki oft) verður okkur tíðrætt um þann þjóðarósið að undirbúa okkur ekki nægilega vel. Sú kenning er mjög ríkjandi að í útlöndum hafi fólk almennt miklu meiri fyrirhyggju, skipuleggi sig betur, séu betur „ferlaðir og faglegir“. Við sjáum okkur stundum eins og kæruleysingja sem yppir öxlum þegar allt fer í handaskol og segir af tómlæti: „Þetta reddast.“

En vandinn er auðvitað að þetta reddast ekki alltaf. Hvort sem ferðamannabransinn eða bankabransinn taka kolldýfur, eða framkvæmd við brú eða tónlistarhús fer fram úr kostnaðaráætlun, þá er okkur mjög tamt að líta í baksýnisspegilinn og kenna því um að „þetta reddast“ hugsunarhátturinn hafi enn einu sinni komið okkur Íslendingum í bobba. Af hverju getum við ekki verið meira eins og Þjóðverjar, Danir og Svíar sem láta aldrei neitt koma sér á óvart; og eru alltaf búnir að sjá fyrir öllu löngu áður en það gerist? Að hugsa sér hversu mikið mætti spara af veseni ef við byrgðum alla brunna löngu áður en börnin komast í hundrað metra færi við þá.

**Er það svo?**

Þegar farið er að hugsa örlítið dýpra út í málin, þá kemur samt í ljós að þjóðsagan um Íslendinga sem kærulaust og fyrirhyggjulítið fólk gengur ekki upp. Ef það væri raunverulegt þjóðareinkenni á Íslendingum að kunna ekki að undirbúa sig undir óvænta atburðarás, óvænt veðrabrigði og óvæntar hættur þá væri tómt mál að tala um blómlega búsetu á þessu landi. Við værum löngu orðin útdauð.

Íslendingar hafa nefnilega þurft að fara í göngur eftir sauðfé, róðra eftir fiski, bjargsig eftir eggjum og leggja á sig langar ferðir um hrjóstrugt landið til þess að eiga samskipti sín á milli. Öll þessi lífsnauðsynlegu verkefni hafa einmitt krafist þess að fyrirhyggjan sé í hávegum. Í þeim veldur kæruleysi ekki aðeins óþægindum heldur raunverulegri lífshættu, bæði fyrir þann kærulausa og aðra sem þurfa að súpa seyðið af glannaskapnum.

**Reddast eða ekki**

En hvernig má það vera að okkur Íslendingum finnst það samt svo ríkjandi í þjóðarsálinni að segja kæruleysislega að hlutirnir reddist jafnvel þótt margar aðstæður hér kalli einmitt á vandvirkni og fyrirhyggju? Ef til vill má sjá jákvæðar og núvitundarlegar skýringar á þessu sterka þjóðareinkenni okkar. Hin hliðin á „þetta reddast“ er nefnilega sú að fólk sem þarf að eiga í höggi við óblíða náttúru og raunverulegar hættur, getur ekki leyft sér þann lúxus að fara á taugum yfir smáatriðum. Það vill stundum brenna mjög við hjá fólki sem lendir í ofreglu og skipulagsáráttu að orkan sem fer í að koma í veg fyrir alls kyns ólíkleg óþægindi verður smám saman til þess að flækja einfalda hluti úr hófi fram. Einhvers staðar liggur nefnilega skurðpunktur sem gefur til kynna hversu miklar áhyggjur eðlilegt er að hafa hinum og þessum hlutum. Sumt er auðvitað nauðsynlegt að skipuleggja út í hörgul, vanda sig í smáatriðunum, gleyma engu og spara hvergi til: „Eru nægilega mörg björgunarvesti um borð í bátnum?“ „Leyfðu mér að telja aftur áður en við leggjum úr höfn.“ En mjög margt af því sem fólk fjargviðrast yfir í daglega lífinu er raunverulega þess eðlis að það svarar ekki tilkostnaði að leggja mikið á sig til þess að leysa úr því. Annaðhvort eru málin smávægileg eða ólíkleg; í öllu falli er skaðlaust að setja sjálfan sig úr jafnvægi yfir þeim: „Ertu með aukaúlpu til að fara með í útileguna?“ „Veit það ekki. Þetta reddast. Drífum okkur af stað.“

**Reddingar**

Hinar jákvæðu hliðar „þetta reddast“ hugsunarháttarins byggjast auðvitað á því að honum sé beitt af vandvirkni. Við sumu má segja að það skipti ekki svo miklu máli hvort það klikki eða ekki, en við öðru má segja að það sé slæmt að það klikki en það taki því ekki að undirbúa sig. Í slíkan flokk falla vandamál sem ljóst er að einhvern tímann þarf að takast á við, en óþarft er að láta tefja að sinni.

Þar kemur til mikilvæg forsenda þess að hægt sé að leyfa sér „þetta reddast“-hugsunarháttinn. Hún er sú að gera sér grein fyrir því að jafnvel þótt maður hafi fulla trú á eitthvað muni reddast, þá er ekki þar með sagt að það þurfi ekki að hafa fyrir því að redda því.

Það felst því í raun mikil ábyrgð og djúp hugsun í „þetta reddast“ hugsunarhættinum sem á yfirborðinu virkar svo kærulaus. Það krefst dómgreindar að vita hvenær hann á við og hvað hann þýðir. „Þetta reddast“ verður fyrst hættulegur hugsunarháttur þegar hann er látinn gilda um hluti sem raunverulega skipta máli og þegar í honum felst trú á því að reddingin á því sem slegið er á frest muni gerast sjálfkrafa og án fyrirhafnar.

Í stað þess að skammast okkar fyrir „þetta reddast“ hugsunarháttinn ættum við að vera stolt af honum, beita honum af ábyrgð en njóta líka þess frelsis sem honum fylgir. Það er kannski ekki eins faglegt eins og að fylgja dæmum Dana, Þjóðverja og Svía—en er það ekki áreiðanlega umtalsvert skemmtilegra?

**Hinar jákvæðu hliðar „þetta reddast“ hugsunarháttarins byggjast auðvitað á því að honum sé beitt af vandvirkni.**

SÖGUR AF PLÖTUM
– með Bubba Morthens




Sögur af plötum er nýtt vikulegt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is þar sem hann rekur tilurð valdra plata úr safni sínu.

Hægt er að hlusta á þættina á frettabladid.is/hladvarp

HLAÐVARPIÐ
á frettabladid.is
– hlustaðu þegar þér hentar

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:
HAGKAUP Meira svona alla daga

FRETTABLADID.IS



Megan Rapinoe lyftir hér heimsmeistarabikarnum á loft með liðsfélagana í bandaríska liðinu allt í kringum sig á sigurhátíð sem haldin var í New York í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bandarísku konurnar vilja réttlát laun

**Bandaríska kvennalandsliðið í knattspyrnu sem varð heimsmeistari um síðustu helgi hefur í þó nokkurn tíma staðið í stappi við bandaríska knattspyrnusambandið. Leikmenn liðsins vilja fá jafn mikið greitt fyrir að leika með liðinu og karlarnir fá í sinn hlut.**

**FÓTBOLTI** Leikmenn bandaríska kvennalandsliðsins í knattspyrnu hafa heillað heiminn með fyrst og fremst frábærri frammistöðu sinni á heimsmeistaramótinu sem lauk með sigri liðsins fyrr í þessum mánuði. Þá hafa leikmenn liðsins verið ötular í baráttu sinni fyrir bættum heimi fyrir alla hópa þjóðfélagsins.

Nokkrum mánuðum áður en liðið hóf titilvörn sína fengu leikmenn bandaríska liðsins nóg af því launamisrétti sem viðgengst á milli karla- og kvennalandsliðs Bandaríkjanna í knattspyrnu.

Allir 28 leikmenn í leikmannahópi liðsins tóku þátt í málsókn fyrir dómstólum í Los Angeles þar sem farið er fram á að leikmönnum karla- og kvennaliðsins sé greitt jafn mikið fyrir að leika fyrir hönd Bandaríkjanna.

**Kvennaliðið skilar meiri tekjum**

Fram kemur í kærunni að þrátt fyrir að leikmenn karla- og kvennaliðsins séu að sinna sömu störfum fyrir bandaríska knattspyrnusambandið þá fái karlarnir meira greitt sem brjóti í bága við bandarísku stjórnarskrána.

Þrátt fyrir að kvennaliðið hafi skilað bandaríska knattspyrnusambandinu meiri tekjum en karlaliðið gerði á tímabilinu 2016 til 2018 borgar bandaríska knattspyrnusambandið konunum aðeins 38 prósent af því sem það borgar körlunum.

Leikmenn bandaríska kvennaliðsins krefjast þess einnig að umgjörð í kringum liðið hvað æfingaaðstöðu varðar, fjölda þjálfara í kringum liðið, gæði sjúkraþjálfunar og mál er varða ferðatilhögun liðsins verði bætt í samræmi við það sem gengur og gerist hjá karlaliðinu.

Á fyrrgreindu tímabili fékk sambandið 50,8 milljónir dollara í tekjur af leikjum kvennaliðsins á meðan leikir karlaliðsins skiluðu 49,9 milljónum dollara. Þá hefur kvennaliðinu gengið mun betur innan vallar en liðið varð á dögunum heimsmeistari annað skiptið í röð en liðið hefur orðið heimsmeistari fjórum sinnum og er sigursælasta lið sögunnar.

**Vöktu athygli á baráttunni í kringum heimsmeistaramótið**

Megan Rapinoe sem varð markahæsti leikmaður mótsins hefur verið áberandi í baráttu liðsins fyrir bættum hag en hún ræddi málið í magnaðri ræðu sem hún hélt í sigurskrúðgöngu sem haldin var bandaríska liðinu til heiðurs í vikunni. Rapinoe ræðir málið einnig í samtali við nýjasta tölublað Sports Illustrated.

„Það eru allir að spyrja okkur hvað við viljum að komi út úr þessari baráttu okkur. Okkar ósk er að þessi umræða hætti og að við þurfum ekki að ræða þetta frekar. Mér finnst erfitt að vera á móti málflutningi okkar og nú er komið að þeim sem stýra málum að bregðast við og láta verkin tala,“ segir Rapinoe í samtali við blaðið.

Rapinoe hefur einnig beint spjótum sínum að forsvarsmönnum Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, í gagnrýni sinni en heildarfjárhæðin sem lið fengu fyrir að taka þátt í heimsmeistaramótinu í karlaflokki var um það bil 400 milljónir dollara á meðan liðin sem léku á mótinu í kvennaflokki fengu tæpar 30 milljónir dollara.

**Það eru allir að spyrja okkur hvað við viljum að komi út úr þessari baráttu okkur. Okkar ósk er að þessi umræða hætti og að við þurfum ekki að ræða þetta frekar.**

Megan Rapinoe



Vakin var athygli á launadeilu bandaríska kvennaliðsins í sigurhátíðinni.



**Bandarískar þingkonur leggja málinu lið**

Nú hefur bandaríska kvennalandsliðið fengið aðstoð frá bandarískum þingkonum sem lagt hafa fram frumvarp sem ber nafnið „Lög um sanngjörn laun íþróttafólks“ og nær til alls íþróttafólks Bandaríkjanna. Þingkonurnar Dianne Feinstein frá Kaliforníu og Patty Murray frá Washington kynntu frumvarpið í gær en þær eru báðar í Demókrataflokknum.

Verði þetta nýja frumvarp þingkvennanna samþykkt þá verður það ólöglegt hjá bandarísku íþróttasamböndunum að borga íþróttamönnum sínum mismikið eftir kyni.

Hér heima var stigið stórt skref í jafnréttisbaráttu kvenna- og karlalandsliðsins í byrjun ársins 2018 þegar bónusar sem Knattspyrnusamband Íslands greiðir leikmönnum liðanna fyrir hvert stig sem liðin fá í keppnisleikjum voru jafnaðir.

Þær greiðslur sem liðin hafa til umráða eru hins vegar misháar vegna þeirra styrkja sem evrópska knattspyrnusambandið UEFA og FIFA greiða fyrir þátttöku á mótum á vegum alþjóðasambandanna. Gianni Infantino, forseti FIFA, lét hafa eftir sér í kringum heimsmeistaramótið í knattspyrnu kvenna á dögunum að ekki væri hægt að líkja saman þeim tekjum sem koma til vegna heimsmeistaramótanna í karla- og kvennaflokki.

Ríkari hefð sé fyrir karlaknattspyrnu en kvennaknattspyrna njóti sívaxandi vinsælda í heiminum. Nú sé það verkefni sitt að auka tekjurnar í kringum kvennaknattspyrnu svo kvenkyns leikmenn fái meira í sinn hlut. hjorvaro@frettabladid.is

**ZERO SYKUR**
**EKKERT KOFFÍN**
**LÉTT KOLSÝRT VATN**




**VITAMIN WELL ZERO**

# Southern Fried Chicken




**Frosnir naggar, bitar og vængir**
**Tilbúið beint í ofninn**

verð frá **449** kr/pk

Tilboð gilda út 14. júlí

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

# NÝ UPPSKERA AF ÍSLENSKU GRÆNMETI



**Hnúðkál**

**399** kr/kg



**Paprika**

**1.099** kr/kg




**Hornafjarðar kartöflur 1 kg**

**399** kr/pk



**Grænkál 150g**

**339** kr/pk



**Spergilkál**

**699** kr/kg



**Kínakál**

**549** kr/kg

# Meira svona alla daga

100% HREIN AFURÐ

15% afsláttur






Holta Kjúklingur

**Kjúklingabringur**

**2.124** kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg

**NÝJUNG**

**Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa**

Verð frá **499** kr/stk

25% afsláttur




**Nauta piparsteik**

**3.524** kr/kg
Verð áður 4.699 kr/kg

25% afsláttur




**Trufflumarineraður nautavöðvi**

**2.999** kr/kg
Verð áður 3.999 kr/kg

20% afsláttur



**Kryddlegin grísasíða í sneiðum**

**1.519** kr/kg
Verð áður 1.899 kr/kg

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

## Merkisatburðir

**1755** Jarðbor er notaður í fyrsta sinn hér á landi, í Laugarnesinu við Reykjavík. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson standa að þessum borunum og eru að rannsaka jarðhita.

**1809** Þorskafáninn er dreginn að húni í Hafnarstræti og hylltur með fallbyssuskotum.

**1924** Dóminíska lýðveldið hlýtur sjálfstæði frá Bandaríkjunum.

**1932** Norskir hermenn leggja hluta Austur-Grænlands undir sig og kalla Eirik Raudes Land.

**1957** Fyrstu stöðumælarnir eru teknir í notkun í Reykjavík, á annað hundrað talsins. Gjald fyrir hverjar fimmtán mínútur er ein króna.

**1970** Reyrbátur Thor Heyerdahl, Ra II, náði landi á Barbados.

**1998** Frakkar sigra Heimsmeistaramót í knattspyrnu karla með 3-0 sigri á Brasilíu.



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður og afa,

**Ásbjörns Magnússonar**

sjómanns og athafnamanns, Drangsnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Landspítalanum, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og kvenfélagsins Snótar á Drangsnesi.

**Valgerður Magnúsdóttir og fjölskylda.**



Elskulegi faðir, bróðir, afi og langafi,

**Magnús Jónsson**

sjómaður, Langholtsvegi 162, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Kópavogs 29 . júní 2019.
Útför fór fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 9. júlí.

**Friðrik Magnússon**
**Hrefna Magnúsdóttir**
**Jón Magnússon**
**Helgi Jónsson**
**Ásta Jónsdóttir**
**börn og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Hagalínsdóttir**

húsmóðir, Skólavörðustíg 26,

lést mánudaginn 1. júlí.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 15. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Guðrún Haraldsdóttir**
**Einar Ólafur Haraldsson**
**Ómar Ingi Magnússon**
**Guðrún Kristín Einarsdóttir**
**Eydís Björk Einarsdóttir**
**Karen María Einarsdóttir**
**Helga Hrönn Elíasdóttir**
**Vilhjálmur Vilhjálmsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Benediktsson**

Frostafold 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum, Hringbraut, mánudaginn 8. júlí.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 16. júlí klukkan 13.

**Ragna Ólafsdóttir**
**Ólafur Einarsson**
**Böðvar Ólafsson**
**Ragna Ólafsdóttir**
**Dagný Fjóla Ómarsdóttir**
**Jenný Morsdóttir**
**Jenný Davíðsdóttir**
**Katarzyna Anna Kapitan**
**Geir Garðarsson**



**„Maður blés sápukúlur gegnum leggina og lék sér með biðukollurnar," rifjar Sigríður Rut upp frá æskuárunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fífillinn hefur fylgt mér

**Formfögur blöð túnfífilsins gegna lykilþætti í nýlegum listaverkum sem Sigríður Rut Hreinsdóttir myndlistarkona sýnir nú í Kirsuberjatrénu að Vesturgötu 4 í Reykjavík.**

Sigríður Rut Hreinsdóttir sýnir olíumálverk í ýmsum stærðum í Kirsuberjatrénu sem ekki hafa verið til sýnis áður. Hún sækir innblástur í náttúruna. „Ég vonast til að myndirnar hreyfi við ímyndunarafli áhorfandans og fái hann til að hugsa um sjálfan sig sem hluta af náttúrunni og um eigin hamingju," segir hún með áherslu.

„Fífillinn hefur fylgt mér lengi og komið í gegn í myndunum mínum," segir Sigríður Rut og heldur áfram: „Ég man ekki nákvæmlega hvernig það gerðist en líklega var það þegar ég fann risastóra fífla á Þingvöllum. Þá hafði ég verið að skissa myndir af konum, sá svo þessa fífla og leggirnir voru allir krullaðir undan vindinum en samt heilir. Mér datt í hug að móta kvenlíkama úr leggjunum en nú eru fíflablöðin orðin meira ráðandi í myndsköpuninni. Þau höfða sterkt til mín og auðvitað blómin líka þegar þau birtast mér í breiðum úti í náttúrunni, hvort sem þau eru enn í gula litnum eða hafa breyst í biðukollur." Spurð hvort hún hafi hlaupið um tún í uppvextinum neitar hún því, heldur kveðst hafa alist upp á Akranesi. „Þar voru auðvitað fíflar í görðum og maður blés sápukúlur gegnum leggina og lék sér með biðukollurnar," rifjar hún upp. „Svo hefur fífillinn víst lækningamátt."

Nú býr Sigríður Rut í Vesturbænum í Reykjavík í gömlu, friðuðu timburhúsi frá 1902, sem hún og maður hennar keyptu síðasta haust og eru að vinna að endurbótum á. Hún á japanskan mann, Nobuyasu Yamagata heitir hann og er listamaður líka. „Við kynntumst í Myndlista- og handíðaskólanum. Hann smíðar fiðlur, málar og ýmislegt fleira og þegar endurbótum á húsinu lýkur verðum við komin þar hvort með sína vinnustofu," lýsir hún brosandi.



**Málverkin hennar Sigríðar Rutar eru í ýmsum litum eins og sjá má hér.**

> **Ég vonast til að myndirnar hreyfi við ímyndunarafli áhorfandans og fái hann til að hugsa um sjálfan sig sem hluta af náttúrunni og um eigin hamingju.**

Þetta er sjöunda einkasýning Sigríðar Rutar, tíu samsýningum hefur hún líka tekið þátt í á ferlinum. Svo er hún menntaður sjúkraliði og hefur starfað við það fag með listinni. „Sjúkraliðastarfið er skemmtilegt, það felur í sér mannleg samskipti og hreyfingu og svo hentar mér vel að vinna á vöktum. Ég hef aðallega verið á Landakoti, þangað hef ég átt svo stutt að fara að heiman. Landakot var spítali og nunnurnar voru þar þegar ég byrjaði, svo breyttist það í öldrunarstofnun."

Sigríður Rut útskrifaðist úr í Myndlista- og handíðaskólanum 1990 og kveðst öll námsárin líka hafa verið á námskeiðum í Myndlistaskóla Reykjavíkur á kvöldin, í vatnslita- og módelteikningum. En grunnnám stundaði hún úti í Noregi. „Þar byrjaði ég í teikningu og form- og litafræði þegar ég var að vinna sem sjúkraliði á kristilegu sjúkrahúsi í Ósló sem heitir Diakonhjemmet, var þar í rúm tvö ár. Ég var fyrst að hugsa um að fara í kennaranám en svo valdi ég myndlistina og sé ekki eftir því."

Faðir Sigríðar Rutar var Hreinn Elíasson myndlistarmaður, þannig að hún er alin upp af listamanni. „Pabbi var með stóra og fína vinnustofu sem hann byggði sjálfur. Hann málaði með pastellitum, vann með mósaík og teiknaði líka mikið, sérstaklega seinni árin, mjög kröftugar blýantsteikningar, hann var fjölhæfur og afkastaði miklu," lýsir hún. Þannig að þú hefur alltaf haft aðgang að litum, segi ég. „Nei, reyndar ekki. Hann var alls ekki að halda þeim að mér en líklega hefur listaþráin leynst í mínum genum."

Fyrirhuguð sýningarlok eru 15. júlí, sem sagt nú á mánudaginn. Kirsuberjatréð er opið til klukkan 17 um helgina en til 19 á mánudag. gun@frettabladid.is

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 12. JÚLÍ 2019



# Sofa í sama rúmi og neita að borga leigu

Strákarnir í Kaupa Dót eru hressir að eigin sögn og eru spenntir fyrir sumrinu. Nýr skets er væntanlegur í næstu viku þar sem Steindi Jr. og Joey Christ leika aðalhlutverk. →2


# SUMARÚTSALA
10 - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR



-30%

Askov Tungusófi 195x185 m kr. 176.600
**NÚ KR. 123.620**



ALLIR KLUKKUR
20% AFSLÁTTUR



-20%

Velvet snagar 3 stærðir
Ótal litir 3.200 - 3.800
**NÚ 2.560 - 3.040**



-30%

Bómullarmottur 120x180 kr. 23.900
**NÚ KR. 16.900**

20 - 40% AFSLÁTTUR AF NÆR ÖLLUM SMÁVÖRUM

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Tumi Björnsson, Eyþór Gunnlaugsson, Mio Storåsen og Andri Marinó Karlsson hafa verið að búa til grínsketsa á Facebook undir nafninu Kaupa Dót. Eftir helgi kemur út nýr skets þar sem Steindi Jr. og Joey Christ leika aðalhlutverk. Eyþór og Tumi þáðu að koma í viðtal við blaðamann og segja frá því sem þeir hafa verið að gera. Strákarnir vilja hvetja alla landsmenn til að stofna Facebook-síðu til þess að geta séð sketsana þeirra. „Við búum til hressa og fyndna sketsa undir formerkjunum Kaupa dót, sketsarnir eru kjörnir til að horfa á þegar maður fer á salernið og veit ekki alveg hvað maður á að gera við sjálfan sig.“

Að eigin sögn kynntust strákarnir í hópuppsagnarpartíi nýuppsagðra starfsmanna Námsgagnastofnunar. „Þetta er svo merkilegt. Við unnum allir þarna við að semja námsefni fyrir börn en höfðum aldrei talað hver við annan. Í partíinu voru allir á „bömmer“ og það var haft vín um hönd sem er nú þekkt fyrir að losa aðeins um málbeinið,“ segir Tumi. „Við hittumst í stofu gestgjafans þar sem myndast hafði lítið dansgólf. Þar mættumst við á miðju gólfinu, Tumi, Eyþór, Mio og Andri.“ Strákarnir reyndu þá að spjalla saman en tónlistin var of hávær.



Kaupa Dót gefur út grínsketsa á netinu til að kæta þjóðina. MYNDIR/ANDRI MARINÓ

## Hvolfdi snakkskál yfir húsvörðinn

Tumi tók sér það bessaleyfi að lækka í tónlistinni, öllum nýuppsögðu partígestunum til mikils ama. „Það má eiginlega segja að fólk hafi trompast,“ segir Eyþór. „Tumi fékk glas í höfuðið frá húsverðinum sem hafði verið sagt upp, partígestir urðu pirraðir og sögðu Tuma að drulla sér út.“

Tumi segir að þá hafi Eyþór orðið reiður og ákveðið að stoppa húsvörðinn áður en átökin yrðu alvarlegri. „Eyþór hvolfdi snakkskál yfir skallann á húsverðinum og sagði honum að svona geri maður ekki við annað fólk. Húsvörðurinn róaðist þá aðeins niður en restin af partígestunum rak okkur strákana út á svalir. Við vorum allir mjög spældir yfir öllum þessum apalátum þarna inni. Okkur fannst þau endurspegla samfélagið sem við lifum í. Þess vegna langaði okkur að gera eitthvað sem gæti bætt ástand samfélagsins og hegðun fólks. Þetta tryllta lið sem við höfðum þekkt sem vinnufélaga okkar fyrr um daginn var með lítið jafnaðargeð og við vildum kæta það. Við vildum fá það til að hlæja, hætta að hata og byrja að elska eða eitthvað í þá áttina.“ Þá segir Tumi að það hafi verið deginum ljósara hvað þurfti að gera. Strákarnir þyrftu að búa til myndbönd fyrir Facebook þar sem hann vill meina „að þjóðin haldi sig á kvöldin.“

Við fyrirspurn blaðamanns til forstjóra Námsgagnastofnunar, Arnórs Guðmundssonar, um starf og uppsögn strákanna þar á bæ segir hann þó að enginn kannist við að þeir hafi unnið þar. „Við könnumst líka ekkert við þennan Arnór.“

## Allir með stúdentspróf

„Samtals erum við með fjögur stúdentspróf sem verður að teljast frekar gott,“ segir Eyþór. „Við hvetjum unga fólkið til að fara í framhaldsskóla og útskrifast með stúdentspróf. Á tímabili var enginn okkar með stúdentspróf en svo liðu árin og við fengum þau.“



Tuma og Eyþóri er annt um kjaramál leikskólakennara. MYND/ANDRI MARINÓ

> Þetta tryllta lið sem við höfðum þekkt sem vinnufélaga okkar fyrr um daginn var með lítið jafnaðargeð og við vildum kæta það. Við vildum fá það til að hlæja, hætta að hata og byrja að elska eða eitthvað í þá áttina.
>
> **Tumi Björnsson**

Eyþór og Tumi greina frá því að þeir sofi saman í rúmi. „Við sofum í sama rúmi en þegar annar okkar hrýtur eða er með einhvern hávaða þá er þráðurinn stuttur og við erum fljótir að reka hvor annan á sófann,“ segir Eyþór. Þá segja vinirnir að það sé mikilvægt að þeir geti sýnt hvor öðrum skilning og borið virðingu hvor fyrir þörfum annars til að samneytið gangi smurt fyrir sig. „Við erum líka duglegir að tala saman um stelpur, gæludýr, pólitík, sjónvarpsþætti, stráka og íþróttir.“

Um daginn lentu strákarnir hins vegar í því óhappi að það kom gat á sængina þeirra. Að þeirra sögn hefur þetta óhapp verið truflandi í daglegu lífi og hafa þeir reynt að skrapa saman aura til að kaupa nýja sæng. „Við hvetjum landsmenn til að leggja okkur lið og láta eitthvað af hendi rakna svo við getum sofið betur og mætt til vinnu á skikkanlegum tíma,“ segir Tumi.

## Hjálpa íslenskri þjóð að komast á lappir eftir hrunið

Eins og áður sagði hafa strákarnir gaman af því að ræða stjórnmálin. Þeir brenna helst fyrir kjaramálum leikskólakennara og segja að þeir óttist lág laun kennarastéttarinnar. „Ég hef heyrt að leikskólakennarar séu byrjaðir að sprauta sig í fésið með hundaskít, svo slæm eru launin,“ segir Tumi. „Við vorum öll einhvern tíma í leikskóla og eigum öll börn, þannig að við skiljum ekkert af hverju ríkið lætur þetta auðmjúka fólk með hjarta úr gulli lifa við svona bágar aðstæður,“ bætir Eyþór við. „Samfélagsmál brenna á okkar skinni og með því að gera smá gys á netinu finnst okkur við hjálpa samfélaginu að komast á lappir eftir hrunið.“

Að lokum vilja strákarnir koma því á framfæri að þeir neiti að borga húsaleigu og taka þátt í skrípaleiknum sem leigumarkaðurinn er. „Leigumarkaðurinn er brandari sem við föttum ekki,“ segir Tumi. „Við ákváðum snemma á hveitibrauðsdögum Kaupa Dót að við myndum ekki kasta krónu í leigu og eiga frekar meiri pening fyrir okkur og fjölskyldur okkar.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Orka Íslands

FÖSTUDAGUR 12. JÚLÍ 2019

**Kynningar:** HS orka, Landsnet, Efla, EM Orka



**Ásgeir Margeirsson segir mikilvægt að orkuvinnsla verði áfram sjálfbær á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stefnir í skort á rafmagni

Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, segir skort á raforku yfirvofandi á næstu árum samkvæmt raforkuspám. Hann telur mikilvægt að minnka flækjustig við leyfisveitingar og að finna sjálfbærar og hagkvæmar leiðir við framleiðslu og flutning á raforku.

Það gilda skýr lög og reglur um allar framkvæmdir í orkuframleiðslu," segir Ásgeir. „Umsagnarferli fylgir hverju verkefni. Lögbundnir aðilar þurfa að tjá sig samkvæmt regluverkinu, opinberar stofnanir og ríkisstofnanir og þess háttar, síðan geta allir haft skoðanir og tjáð sig um málin."

Ásgeir segir umsagnarferli stærri verkefna vera á mörgum stigum verksins. Allt frá því að rannsóknir hefjast og í gegnum skipulagsvinnu varðandi deiliskipulag , aðalskipulag, umhverfismat og fleira. Helsti gallinn við þetta að mati Ásgeirs eru sífelldar endurtekningar. Oft koma sömu aðilarnir fram með ábendingar eða jafnvel kærur um svipuð eða sömu málefni á mismunandi stigum verkefnisins. „Þetta veldur miklum töfum og óþarfa kostnaði. Undirbúningur stærri verkefna tekur oft mörg ár því það þarf að fara í gegnum hvert þrep fyrir sig."

Að mati Ásgeirs er mikilvægt að gera ferlið heildstæðara þannig að ekki þurfi að fara oft í gegnum sömu mál. Mikil vinna er fólgin í endurtekningum og hægt er að gera ferlið skýrara og einfaldara. Hann leggur þó áherslu á að hann vilji alls ekki taka málfrelsi og tillögurétt af nokkrum manni, einungis forðast að ekki sé verið að fara yfir sömu atriðin aftur og aftur. „Ég tel að hægt sé að einfalda og skýra kerfið, bæta það og stórminnka tilkostnaðinn," segir hann.

Ásgeir telur einnig mikilvægt að setja einhverjar reglur varðandi kæruferlið. „Menn geta kært alls konar ákvarðanir eins og þekkt er. Stundum að því er manni virðist einvörðungu til að tefja framgang

**Framhald á síðu 2**



**Framhald af forsíðu ➾**

mála eða af ástæðum sem eru ekki kærðar á réttum stöðum. Fólk getur valdið miklum töfum, tjóni og kostnaði með órökstuddum, ómálefnalegum kærum sem síðan er hafnað. Við höfum séð dæmi þess að verkefni hafi tafist í allt að tvö ár vegna slíkra kæra. Kærandi ber enga ábyrgð á þeim skaða sem hann veldur með slíkum kærum.“

Það þyrfti að mati Ásgeirs að vera einhvers konar mikilvægistenging við málefnið þegar lögð er fram kæra. Engin sía er á mikilvægi kærenda að málinu eða mikilvægi málsins. „Það hefur verið rætt um að það þurfi hugsanlega að leggja fram tryggingar með kæru. Ég er ekki að leggja það til en það hefur verið rætt. Menn þyrftu þá að hafa raunverulega mikilvægar málsástæður til þess að kæra.“

## Vindorka er hagkvæm

Samkvæmt raforkuspám mun þurfa að framleiða meiri raforku fyrir íslenskt samfélag í náinni framtíð. Ásgeir segir kostnað við að framleiða rafmagn hafa bein áhrif á orkuverð. „Hagstæðustu orkukostirnir í landinu hafa flest allir þegar verið virkjaðir. Ef ég kem með einfalda samlíkingu þá er búið að tína ávextina neðst í trénu. Það er meiri tilkostnaður að sækja orku í þá kosti sem ekki hafa verið nýttir í dag.“ Ásgeir segir brýnt að vinna að því að kostnaðurinn hækki ekki of mikið. „Vindorka er tækifæri til að sporna gegn orkuverðshækkun því hún er að verða mjög hagkvæm.“

Allar rannsóknir og tilraunir varðandi vindorku á Íslandi sýna mjög góða nýtingu og framleiðslu samanborið við vindorku á landi í öðrum löndum að sögn Ásgeirs. Hann telur þess vegna mjög gott að nýta vindorku í skynsamlegum mæli til viðbótar við vatnsafl og jarðvarma í landinu, til þess að vinna orku á fleiri stöðum, með öðrum hætti og með hagkvæmum hætti.

„Vindorku má beisla á stöðum sem eru allt annars eðlis en fallvötn og háhitasvæði. Það eru ekki sambærilegar náttúrugersemar og jarðhitasvæði, hverasvæði eða vatnsföll. Þetta getur verið uppi á heiðum og öðrum stöðum. Vissulega er þetta sýnilegt um langan veg og það þarf bara að taka umræðuna um það. Það þarf að hugsa um hvernig við uppfyllum kröfur samfélagsins um að fá nóg rafmagn. Hreint umhverfisvænt endurnýjanlegt rafmagn á skikkanlegum kostnaði,“ segir Ásgeir.

Vegna vöntunar á regluverki um vindorku eiga sveitarfélög, sem eru leyfisveitendur einstakra framkvæmda, í vandræðum með að taka ákvarðanir um nýtingu hennar. „Það er til rammaáætlun um verndun og nýtingu landsvæða og auðlinda. Það er enn deilt um það hvort vindorka eigi að vera í rammaáætlun eða ekki. Það liggur ekki skýrt fyrir. Það þarf að skýra það regluverk, ég veit að sú vinna er í gangi í stjórnkerfinu en hún er ekki komin til enda.“

Ásgeir segir mikilvægt að orkuvinnsla verði áfram sjálfbær í landinu og notkun á varaaflsstöðvum sem notast við olíu verði minnkuð. „Örlítill hluti orkuvinnslu landsins er mengandi af því að olíu er brennt til að framleiða rafmagn þar sem það vantar þegar flutningskerfi brestur. Þessu þarf að breyta. Það er óþarfi að brenna olíu á Íslandi til að framleiða rafmagn. Það er eiginlega sorglegt að það skuli vera gert ef að það vantar betra flutningskerfi eða meiri raforkuframleiðslu með sjálfbærum hætti.“

> **”Það hefði orðið meiri vöxtur í atvinnulífi á Suðurnesjum og Vestfjörðum, svo dæmi séu tekin, ef rafmagn væri til reiðu.**
>
> **Ásgeir Margeirsson**

Ásgeir segir að orkuspárnefnd Orkustofnunar hafi síðast gefið út raforkuspá fyrir Ísland árið 2018. „Það eru greindar mismunandi sviðsmyndir og spáin byggð á þeim. Þetta eru sviðsmyndir yfir hægan vöxt, hraðari vöxt, rafvæðingu samgangna, nýja stóriðju eða ekki og græna framtíð. Allar þessar sviðsmyndir sýna að á næstu árum þarf Ísland að framleiða meira rafmagn svo fyrirtæki og heimili fái það rafmagn sem þau þurfa. Bara mismikið eftir því hvað vöxturinn er mikill.“

## Stefnir í skort á rafmagni

Birtar hafa verið fréttir þar sem talað er við bæði forstjóra og framkvæmdastjóra Landsnets, meginflutningsaðila rafmagns um allt land. Þar segir að það stefni í skort á rafmagni strax árið 2022. Forstjóri Landsvirkjunar tekur undir þetta. „2022 er á morgun í okkar veröld, vegna þess að það að bæta við framleiðslu á rafmagni á Íslandi tekur mörg ár. Það tekur alla jafna á bilinu 7-15 ár að koma nýju verkefni á koppinn,“ segir Ásgeir. „Það eru sem betur fer einhver verkefni í undirbúningi og komin á framkvæmdastig, en það er mjög lítið um þau og þau sem lengst eru komin eru smá í sniðum. Það stefnir í orkuskort og við höfum reynt það nú þegar að atvinnulíf á Íslandi myndi vilja kaupa meira rafmagn en nú er til reiðu.“

Í almennum umræðum er svolítið rætt um það í hvað á að nota rafmagnið. Ásgeir telur suma setjast í dómarasæti og segja að við eigum ekki að nota rafmagnið í álver, kísilver eða gagnaver. „En það er ekki beint hlutverk orkufyrirtækjanna að segja til um það á meðan að starfsemin er í samræmi við leikreglur samfélagsins og lög og reglur. Það eru aðrir sem veita slíkar heimildir. Við erum ekki, svo að ég taki ýkt dæmi, að tala um að selja rafmagnið í vopnaverksmiðju, heldur í þá starfsemi sem er leyfð og samþykkt í samfélaginu. Þau leyfi og þær samþykktir eru ákveðnar af stjórnvöldum. Við framleiðum síðan og seljum rafmagn og aðra orkustrauma til þeirra sem það vilja nota.

Það hefði orðið meiri vöxtur í atvinnulífi á Suðurnesjum og Vestfjörðum, svo dæmi séu tekin, ef rafmagn væri til reiðu. Orkuskorturinn er í rauninni kominn þó við finnum ekki fyrir honum heima hjá okkur,“ segir Ásgeir. Orkuskortur getur verið svæðisbundinn því hann snýst bæði um það hversu mikið rafmagn er framleitt og um flutningsmöguleikana. Ásgeir segir að í leyfisveitingum varðandi flutning rafmagns gildi sömu flækjustigin og í orkuframleiðslunni.

„Það er mikil vöntun á flutningsgetu á raforku á Suðurnesjum. Það er staðfest að töluvert af atvinnustarfsemi á Suðurnesjum í dag gæti ekki þrifist nema af því að töluvert af rafmagni er framleitt á svæðinu. Við viljum vinna að því að auka rafmagnsframleiðslu og bæta flutningsgetu með sjálfbærum hætti með því að nýta vatnsafl, jarðvarma og vindorku,“ segir hann.

## Atvinnutækifæri og verðmætasköpun

Ásgeir bendir á að í framtíðinni muni vinnandi mönnum á hvern lífeyrisþega fækka. Það getur valdið erfiðleikum í lífeyriskerfinu og því þurfi að tryggja aukin atvinnutækifæri og verðmætasköpun. „Við gerum það best með því að nýta hreinu orkuna sem hægt er að framleiða.“

Auðlindagarðurinn er samfélag HS Orku og fyrirtækja á Reykjanesskaganum sem hafa byggt upp starfsemi sína í nágrenni við orkuverin. „Þetta eru fyrirtæki sem geta ekki verið annars staðar. Þau eru ekki bara að nota rafmagn frá okkur heldur aðra strauma sem skipta máli eins og jarðsjó, gas, gufu eða annað sem kemur beint frá nýtingu þessarar jarðhitaauðlindar,“ segir Ásgeir.

Hann telur ástæðu til að horfa til afleiddrar starfsemi sem getur þróast samhliða orkuverkefnum. „Það eru mörg dæmi víða um land sem sýna gott sambýli ferðaþjónustu og orkuvinnslu. Það á ekki bara við um jarðhita heldur líka vatnsafl.“

Fyrirtækin í Auðlindagarðinum eru átta og hjá þeim starfa 1.300 manns, þar af ekki nema 65 hjá HS Orku. „Þetta eru fyrirtæki í matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, eldsneytisframleiðslu og fiskeldi svo dæmi séu tekin. Þessi fyrirtæki væru ekki til staðar ef jarðhitanýtingin hefði ekki átt sér stað. Bláa lónið væri til dæmis ekki til ef HS Orka hefði ekki byggt upp orkuver hérna í Svartsengi. Áhrif þessa á þjóðarhag, útflutningstekjur, atvinnustig, gjaldeyrissköpun og svo framvegis eru vel mælanleg og mjög mikil,“ segir Ásgeir.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is




Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rafmagnið er framtíðin – stöðugur straumur mikilvægur í tæknivæddu samfélagi

Landsnet hefur það hlutverk að tryggja afhendingu rafmagns til allra landsmanna. Markmið næstu ára hjá fyrirtækinu eru skýr þar sem auk öryggis er lögð áhersla á betri nýtingu og umhverfismál.

Rafmagnið er framtíðin. Við erum að vísa til þess að öll þróun í dag í heiminum gengur út á það að nota endurnýjanlega og umhverfisvæna orkugjafa. Á Íslandi mun raforka verða meginorkugjafinn til framtíðar,“ segir Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets.

„Miklar breytingar eru fram undan í tækni, fjórða iðnbyltingin þýðir að við verðum sífellt háðari tölvum og sjálfstýringum sem verða knúnar með rafmagni. Í þessu felast miklar áskoranir fyrir orkuiðnaðinn og krafa um öruggt rafmagn á hagkvæmu verði mun aukast. Á sama tíma felast í þessu mikil tækifæri fyrir þjóðfélagið til að skapa verðmæti og auka lífsgæði á Íslandi.“

## Raforkumál eru loftslagsmál

Markmið Landsnets er að starfsemi fyrirtækisins verði kolefnishlutlaus og hefur sett upp aðgerðaáætlun til að ná því markmiði.

„Við ætlum okkur að vera kolefnishlutlaust fyrirtæki árið 2030. Í aðgerðaáætluninni okkar er gert ráð fyrir minni losun m.a. með breytingum í samgöngum, orkusparnaði og mótvægisaðgerðum. Mikil viðhorfsbreyting hefur orðið hjá orkufyrirtækjunum sem hvetja til notkunar á hreinni endurnýjanlegri íslenskri orku enda eru raforkumál í eðli sínu loftslagsmál,“ segir Guðmundur Ingi.

Landsnet er með þrjár starfsstöðvar, í Reykjavík, á Egilsstöðum og Akureyri. Undanfarið hefur starfsstöðin á Akureyri verið efld. Tilgangurinn er meðal annars að draga úr ferðalögum sem minnkar kolefnislosun og auk þess að starfsfólk fyrirtækisins sé í betri tengslum við nærsamfélagið.

Í dag tapast hlutfallslega mikil orka í flutningskerfinu vegna þess hve veikt flutningskerfið er. Með styrkingu þess dregur úr þessu tapi sem skiptir verulegu



Það er nóg að gera hjá starfsfólki Landsnets þar sem miklar framkvæmdir og stór verkefni eru fram undan. Kröflulína 3 er núna í vinnslu.

máli í samhengi loftslagsmála og ábyrgrar nýtingar á hreinni orku.

Ekki má gleyma óbeinum áhrifum af starfseminni en takmarkanir í flutningi leiða til þess að virkjanir nýtast ekki að fullu með tilheyrandi orkusóun og óþarfa umhverfisraski.

Auk loftslagsmálanna þá skiptir hönnun og útfærsla flutningsmannvirkjanna miklu máli. Á undanförnum árum hefur mikil þróun átt sér stað í þeim efnum og talsverðum árangri hefur verið náð til að draga úr ásýnd þeirra í umhverfinu. Má þar nefna nýjar tegundir mastra, hönnun tengivirkja og verulega aukningu á notkun jarðstrengja.

## Stór verkefni fram undan

Fram undan eru stór verkefni til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Það þarf að styrkja flutningskerfið, tryggja ábyrga nýtingu orkumannvirkja, bæta aðgengi nýrra orkugjafa eins og vindorkuvera og auka orkusparnað. Í flestum þróaðri löndum er farin sú leið að styrkja flutningskerfið og samhliða liðka fyrir markaðsviðskiptum með orku. Reynslan sýnir að aðgerðir eins og þessar leiða til betri nýtingar kerfanna, auðvelda aðgengi nýrra endurnýjanlega orkugjafa og stuðla að hagkvæmasta verði til notenda hverju sinni.

„Stærsta framkvæmdaverkefnið hjá okkur núna er bygging Kröflulínu 3 en hún fer um þrjú sveitarfélög: Skútustaðahrepp, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp. Áætluð lengd línunnar er 122 kílómetrar og mun hún liggja að mestu samsíða Kröflulínu 2. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta raforkuflutningskerfið, auka stöðugleika og gæði orkuafhendingar á Norður- og Austurlandi,“ segir Guðmundur.

Undirbúningur er einnig hafinn fyrir línu frá Hólasandi til Akureyrar sem mun gerbreyta aðgengi að rafmagni á Eyjafjarðarsvæðinu. Þá er ný tenging Reykjaness við landsnetið forgangsverkefni hjá Landsneti.Auk framkvæmda í meginflutningskerfinu eru framkvæmdir í gangi um allt land til að bæta afhendingaröryggi einstakra svæða, t.d. á Snæfellsnesi, í Skagafirði, á Austfjörðum, Vestfjörðum og Suðurlandi.

Upplýsingar um allar framkvæmdir Landsnets eru á heimasíðu fyrirtækisins landsnet.is og samfélagsmiðlum.

# Þegar þú prófar rafbíl þá viltu ekkert annað

Sævar Finnbogason eignaðist rafbíl fyrir tveimur árum og ber honum vel söguna.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Þetta er Nissan Leaf með 30 kílóvattstunda batteríi. Ég bý við Hvalfjörð og keyri oft í bæinn og heim aftur. Rúnturinn hjá mér til og frá vinnu er rétt um 90 km,“ segir Sævar og bætir við að hann noti bílinn líka í alla aðra snúninga.

„Það er miklu betra að keyra rafmagnsbíl. Hann er kraftmeiri og ljúfari í akstri. Það er bara allt frábært við þetta.“ Sævar tekur þó fram að það séu tveir bílar á heimilinu. „Ég er líka með einn jeppa sem maður þarf að eiga þegar maður býr svona eins og ég geri. En ég hreyfi hann ekki ef ég kemst hjá því.“

Sævar segir að jeppann, sem er dísilbíll, noti hann helst í lengri ferðir. „Batteríið í rafmagnsbílnum er ekki nema 30 kWh sem dugar yfirleitt allt sem ég þarf. En við verstu aðstæður, þegar það er frost og rok þá kemst ég kannski ekki nema 120-130 kílómetra. Maður þarf svolítið að hugsa þetta út frá því.“

Sævar bendir þó á að þróunin í rafbílum sé hröð og nýrri bílar eins og Kia e-Niro og Hyundai Kona séu með tvöfalt stærra batterí. „Á þannig bíl kæmist ég alveg til Akureyrar eða Ísafjarðar ef ég nennti að stoppa einhvers staðar á leiðinni og hlaða í svona 45 mínútur.“

### Það bilar aldrei neitt

Rafbíllinn hentar Sævari annars fullkomlega í langflestar ferðir. „Eins og ég segi: Ég keyri venjulega um 90 kílómetra á dag til og frá vinnu. Ég þarf stundum að snúast eitthvað í bænum umfram það, en ég þarf aldrei að fara í hraðhleðslu nema það sé eitthvað mjög sérstakt. Þannig að ég bara sting í samband þegar ég kem heim. Bíllinn er tilbúinn á morgnana og ég keyri þangað sem ég þarf að fara. Það bilar aldrei neitt ólíkt bensínbílum. Þetta er svo einfalt, maður

> Ég bara sting í samband þegar ég kem heim. Bíllinn er tilbúinn á morgnana og ég keyri þangað sem ég þarf að fara.
>
> **Sævar Finnbogason**

þarf ekki að fara í smurningu eða kaupa bensín. Ég er búinn að keyra á þessum tveimur árum 67.000 kílómetra og það eina sem hefur verið skipt um í bílnum eru frjókornasíur,“ segir Sævar greinilega hæstánægður með bílinn.

Sævar telur helsta vandann sem gæti skapast, ef aukning á notkun rafbíla verður mikill, vera framboð á hraðhleðslu. „Segjum að þú ætlir á rafbílnum þínum til Akureyrar og ætlir að stoppa kannski í Staðarskála eða Varmahlíð og hlaða. Þú gætir lent í að þurfa að bíða í klukkutíma eftir að komast að í hleðslu af því einhverjir tveir aðrir hafa fengið sömu hugmynd



Sævar segir rafbílinn henta fullkomlega í flestar ferðir.

og þú og þurfa að hlaða á leiðinni. Það gengur ekki. Það þarf að geta treyst á að komast í hleðslu strax.“

Þar sem hagnaður af sölu á hraðhleðslu er lítill miðað við bensín- eða dísilolíusölu þá telur Sævar bensínstöðvarnar ekki sjá sér eins mikinn hag í henni. „Þú verður að stoppa og kaupa bensín en ég stoppa ekki og kaupi hraðhleðslu nema í mesta lagi á mánaðarfresti og þá borga ég mjög lítið. Þess vegna held ég að ríkið verði að koma að uppbyggingu hraðhleðslustöðva með öflugum hætti ef rafbílavæða á allt landið.“

Sævar er sannfærður um að hann muni halda sig við rafbíl þegar kemur að því að endurnýja bílinn. „Þetta er allt annað líf. Ímyndaðu þér að keyra inn í bílskúrinn þinn á snyrtilegum rafmagnsbíl. Það er engin olía, engin fýla. Mann langar bara ekkert í bensínbíl eða dísilbíl eftir að hafa prófað rafbíl.“






Bökunarofn er mikill orkugleypir.

## Góð ráð til að spara orku

Hér eru góð ráð sem birtast á heimasíðu Orkuseturs og við fengum leyfi til að birta.

### Eldavél

- Pottar og pönnur verða að hafa sléttan botn og ná yfir alla helluna. Ef potturinn eða pannan hringlar á hellunni getur helmingur hitans tapast.
- Þrefalt meiri orku þarf til að elda í opnum potti heldur en lokuðum. Lokið á pottunum þarf að vera hæfilega þétt og þegar suðan er komin upp á að lækka strauminn og láta sjóða á minnsta straumi.
- Við suðu, t.d. á kartöflum og grænmeti, er nóg að nota eins til tveggja cm vatn í pottinum.
- Til að nýta allan hitann er best að slökkva undir potti 5-10 mínútum áður en maturinn er fulleldaður.
- Vifta, sem blæs loftinu út, gefur góða loftræstingu en veldur jafnframt hitatapi úr íbúðinni. Hringrásarvifta með síu veldur hins vegar ekki hitatapi, aftur á móti endurnýjar hún ekki loftið í eldhúsinu.

Sjá nánar á orkusetrid.is.

# Meðbyr vetnis á heimsvísu skapar tækifæri fyrir Ísland

**EFLA fylgist vel með þróun á orkumarkaði og veitir víðtæka ráðgjöf á sviði orkumála, allt frá ráðgjöf vegna hleðslustöðva fyrir rafbíla og skip yfir í hönnun flókinna orkumannvirkja og orkuflutningskerfa.**

Efla verkfræðistofa er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir fjölbreytta þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði, tækni og tengdra greina.

Jón Heiðar Ríkharðsson og Stefán Þór Kristinsson starfa á þróunarsviði EFLU og hafa þeir unnið að verkefnum sem tengjast orkuskiptunum, sér í lagi varðandi framleiðslu og notkun á vetni sem orkubera, en á því sviði gæti Ísland gegnt mikilvægu hlutverki.

„Við leggjum mikla áherslu á umhverfismál og vistvæna nálgun í öllum okkar verkefnum, en eitt af stefnumarkmiðum EFLU er að hafa þessi mál í forgrunni ásamt því að leggja ríka áherslu á nýsköpunar- og þróunarstarf. Við vinnum markvisst að því að leggja okkar af mörkum þegar kemur að orkuskiptunum og höfum lagt töluvert í þróunarvinnu á þeim vettvangi. Við höfum meðal annars aflað okkur þekkingar með því að sækja ráðstefnur og eiga í samskiptum við fyrirtæki og vísindamenn á þessu sviði. Þannig sýnum við samfélagslega ábyrgð sem er mikilvægt í öllum rekstri í dag,“ segir Stefán.

## Ísland leikur stórt hlutverk

Jón segir að EFLA leggi áherslu á að fylgja eftir þróun orkuskipta í heiminum og hvernig nýir orkugjafar leika hlutverk í því. Fyrir fund G20 ríkjanna 28. júní síðastliðinn var birt skýrsla sem fjallar um stöðu og framtíð vetnis í heiminum. Alþjóðaorkumálastofnunin vann skýrsluna og í henni kemur fram að meðbyr með vetni í heiminum er meiri í dag en áður hefur verið. Undirliggjandi kraftar af áður óþekktri stærðargráðu styðja við ört vaxandi fjölda verkefna og stefnumarkandi áætlana. Hér gæti hlutverk Íslands verið verulegt og þennan meðbyr þarf að nýta.

## Verð á endurnýjanlegum orkugjöfum fer lækkandi

Lækkun á verði endurnýjanlegrar orku eru góð tíðindi í umræðunni um heimsmarkmiðið í loftslagsmálum. Að sögn Jóns eru kjöraðstæður á Íslandi í framleiðslu og þróun á notkun vetnis. Hérlendis er hægt að framleiða vetni og nýta framleiðsluferla þess til hins ýtrasta. „Tæknin hefur þróast hratt á heimsvísu og vaxandi framleiðsla leiðir til stórfelldrar hagræðingar,“ segir Jón. Þá bætir Stefán við að í dag séum við á mun betri stað en um aldamótin þegar Ísland opnaði fyrstu vetnisstöðina í heiminum.

## Meðbyr vetnis sem orkugjafa

Hægt er að horfa til þriggja heimshorna þar sem helstu kraftar í þróun vetnis sem orkubera eru að verki en í afar ólíkum tilgangi, Ísland gæti unnið að einhverju leyti að þeim öllum. Í fyrsta lagi er þróunin í Austur-Asíu, en Japan er að umbylta orkumarkaði sínum þar sem vetni verður meginþáttur þess. Í öðru lagi er Evrópa, þar sem nýting vetnis ýtir undir framþróun vind- og sólarorku. Í þriðja lagi eru Bandaríkin þar sem langar vegalengdir og hefð fyrir rekstri flutningabíla kalla á þróun flutningabíla sem ganga fyrir vetni.

## Stefna á að umbylta orkuframleiðslu Asíu

„Japan og önnur lönd í Asíu stefna á að umbylta sínu orkukerfi yfir í endurnýjanlegt eldsneyti unnið úr sólarorku og vindorku,“ segir Jón. Sólarorkan og vindorkan er þá beisluð í Ástralíu, breytt í vetni og síðan í þéttari orkubera til að ná hagkvæmni í flutningum til Japans. Með sama hætti gæti Ísland flutt út vetni sem eldsneyti til fjarlægari landa. Jón segir að áætlað sé að þetta fyrirkomulag verði að miklu leyti komið til framkvæmda árið 2030. „Þetta mun hafa gífurleg áhrif á vetnisframleiðslu, meðhöndlun og flutning vetnis og ekki síður verð á raforku og vetni á heimsvísu.“ Verð á grænni raforku og þar með vetni frá rafgreiningu vatns mun lækka með stórauknum vetnisviðskiptum í Asíu sem gerir það að verkum að vetni verður fýsilegri fjárhagslegur kostur á heimsmarkaði. „Það að verðið muni lækka en ekki hækka er kannski öfugt við það sem hefur verið í umræðunni hérna heima.“

## Vetnisframleiðsla dregur úr sveiflum á orkumörkuðum

Í Evrópu, sérstaklega í Þýskalandi og Hollandi, er horft til tækifæra svo nýta megi betur sveiflukennda orku frá sólar- og vindorkuverum með framleiðslu vetnis. Þannig má draga úr sveiflum á orkuverði og með auknum birgðum dreifðum um álfuna eykst orkuöryggið. Nýting vindorku á Íslandi mun fara vaxandi á næstu árum og gott væri að geta hámarkað nýtingu í sveiflum þessarar framleiðslu, til dæmis með vetnisframleiðslu. Þá væri hægt að nýta ammoníak sem orkubera fyrir vetni en ammoníak verður fljótandi við stofuhita og þrýsting um 10 bar.

Geymsla og flutningur eru þannig ekki mjög kostnaðarsöm. Tugir flutningaskipa flytja daglega ammoníak, enda mikilvæg afurð í efna- og áburðariðnaði, þó það sé að mestu gert með jarðgasi í dag og útblástur frá því ferli nemur um 1% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í heiminum.

## Getur bætt orkuöryggi

Rússland er stór útflytjandi á olíu og gasi til Evrópu. Umræðan um orkuöryggi hefur aukist og horfa mörg Evrópulönd því einnig til annarra möguleika. Ásamt því að auka eigin framleiðslu á endurnýjanlegri orku er horft til vind- og sólarorku í Marokkó og víða á norðurslóðum fyrirfinnst ströndum endurnýjanleg vannýtt orka. „Frá Íslandi má einnig flytja út raforku frá vindlundum í formi efnaorku á fjarlæga markaði. Ísland gæti einnig átt þátt í að veita meginlandi Evrópu betra orkuöryggi. Hagkvæmni í orkuframleiðslu er þó alltaf forsenda þess að af slíku geti orðið. Verð á raforku framleiddri með sólar- og vindorku í stórum orkuverum í Sahara og Ástralíu til dæmis mun lækka heimsmarkaðsverð á orku til framtíðar,“ segir Stefán.



Jón Heiðar og Stefán Þór hafa mikla þekkingu á nýtingu vetnis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Skýringarmynd á nýtingu framleiðsluferla vetnis í iðngarði.

## Þróa vetnisflutningabíla

Þriðja skýra birtingarmyndin á hlutverki vetnis er svo í vesturhluta Bandaríkjanna. Með gríðarlöngum flutningaleiðum milli landshluta er mikil þörf á vetnisknúnum flutningabílum. Þá mun vetnisframleiðslan í Asíu styðja þá þróun í Bandaríkjunum með þeim hætti að vetnið verður ódýrara fyrir flutningafyrirtæki í Bandaríkjunum. Það eru miklir möguleikar á notkun vetnis í farartækjum. Stefán segir að þar sé mikilvægt að horfa á hvernig vetni getur unnið með öðrum orkuberum. „Vetnisbílar eru rafmagnsbílar þar sem vetnið er orkuberi raforkuframleiðslunnar í bílunum en þeir hafa einnig litlar rafhlöður. Í slíkum farartækjum er hægt að nýta samspil vetnis og rafhlöðu eftir þeim vettvangi sem unnið er á.“ Þó fæstir einstaklingar keyri það mikið eða langt að þeir þurfi á vetnisbíl að halda að sögn Stefáns, þá er hægt að nýta þessa tækni í leigubílum, flutningabílum, þungum vinnuvélum, bátum og skipum. Þannig þarf um eitt kílógramm af vetni til að aka sæmilega stórum fólksbíl í 100 kílómetra, en drægi vetnisbíla á markaði er oft um 600 kílómetrar.

## Vetni sem aflgjafi lesta og flugvéla

„Enn fremur er verið að skoða notkun á vetni í flugvélum og lestum,“ segir Jón. Nú þegar eru tvær vetnislestir í umferð í norðurhluta Þýskalands og 27 til viðbótar í pöntun. „Hugsanlega gæti vetni verið góður valkostur ef fluglest til Keflavíkur verður að veruleika.“ Fyrir utan það eru miklar líkur á að vetni verði notað í skipum. „Þá erum við að horfa á bæði vetni og aðra orkugjafa sem byggja á vetni til að knýja slíkar vélar.“ Orkugjafar sem byggja á vetni geta til dæmis verið metanól eða áðurnefnt ammoníak. Ísland er þar sérstaklega álitlegur kostur til framtíðar þar sem stór skipafloti landsins er að mestu leyti á einangruðum markaði þar sem orkan er upprunnin úr endurnýjanlegum uppsprettum.

## Aukin hagkvæmni með nýtingu hliðarafurða

Eitt af meginsóknartækifærum vetnis sem skýrsla Alþjóðaorkumálastofnunar bendir á er að gera iðnaðarhafnir að miðpunkti vetnissamfélags, en það rímar vel við hugmyndir sem EFLA hefur verið að skoða undanfarið. Þá myndi vetni, framleitt með rafgreiningu, geta þjónað ýmsum hópum þar sem umferð flutningabíla, skipa og vinnuvéla eins og lyftara er mikil við hafnir Íslands. Við rafgreiningu verður til varmaorka og mikið hágæða súrefni. Þessar aukaafurðir geta nýst annarri starfsemi vel, til dæmis seiða- og fiskeldi á landi. „Þannig skapast tækifæri til að auka hagkvæmnina við vetnisframleiðslu,“ segir Stefán.

EFLA hefur verið að skoða Vestfirði til vetnisframleiðslu og til nýtingar við hafnir, þá einkum til notkunar í smábátum, flutningabílum og lyfturum. Fyrir utan það má nefna að vetnisorkuframleiðsla myndi falla vel að áformum um uppbyggingu á stórri umskipunarhöfn í Finnafirði, en EFLA er einn þróunaraðila hennar.

Tilgangurinn með höfninni er meðal annars að tengja Ísland við fjarlægari markaði. „Hugmyndin er jafnvel að framleiða vetni með rafgreiningu og tengja við iðngarða þar sem framleiðsluferlar vetnisorkuframleiðslunnar yrðu nýttir í aðra þætti, til að mynda fiskeldi.“

## Tækifæri á Íslandi

Framleiðslan á vetni hér á Íslandi getur farið fram með ýmsum hætti, en þó fyrst og fremst með rafgreiningu í iðngörðum við hafnir til dæmis. Síðan má nefna til viðbótar vetnisframleiðslu beintengda við orkuver og svo má vinna vetni úr metangasi þar sem lífrænn úrgangur yrði meðhöndlaður. „Það er hægt að breyta metani samkvæmt þekktum ferlum í vetni og koltvísýring,“ segir Jón. Koltvísýringinn væri svo hægt að nota í gróðurhús eða þörungarækt til dæmis. Sama hvaða leið er farin af þeim sem eru nefndar hér að ofan, þá gera þær mönnum kleift að framleiða vetni úr endurnýjanlegri orku með ódýrum hætti. „Í dag eru þessar leiðir til staðar sem eru hagkvæmari en eldri leiðir. Fyrir utan það er nýtingin í framleiðsluferlum vetnis að stórbatna,“ segir Jón. „Allt þetta gerir það að verkum að verð á vetni verður samkeppnishæft samanborið við jarðefnaeldsneyti fyrir stærri farartæki og þá sérstaklega skipaflotann.“

# Einkavirkjun frá 1928 enn starfandi

Við bæinn Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum er ein elsta einkarafstöð landsins. Ólafur Pálsson bóndi byggði virkjunina árið 1928 og þótti hún bylting á sínum tíma. Virkjunin skemmdist árið 2010.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Koltunguvirkjun nefnist þessi gamla rafstöð en nú er verið að laga hana eftir skemmdirnar. Henni hefur alltaf verið vel við haldið. Þegar virkjunin var gerð á sínum tíma var framleiðslugeta hennar 12 kW sem dugði til lýsingar í íbúðarhúsi og fjósi en einnig til upphitunar að hluta. Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, lýsir því í grein fyrir nokkrum árum hversu mikil fyrirhöfn það hafi verið að byggja á þessum stað þar sem allt var unnið með handaflinu einu. „Það þurfti að grafa fyrir stöðvarhúsi, steypa upp, leggja aðrennslisrör í bratta brekku og ekki síst að hlaða stíflu úr grjóti og torfi til að mynda uppistöðulón,“ segir hann. „Þá var mikil vinna að leggja raflínu heim að bæ, um 2 km langa. Handgrafa þurfti fyrir staurunum en allur jarðvegur þar sem línustæðið lá var grófur aur og víða stutt niður á grunnvatn. Vatnsöflunin fyrir virkjunina er yfirborðsvatn í Svaðbælisheiði en einnig er veitt vatni úr nálægri uppsprettulind,“ greinir hann frá.

„Vatnslaust verður aldrei en yfirborðsvatn getur þó minnkað í þurrkum og frosti og þá er framleiðslan minni. Með því að virkja ár og læki er ekki verið að spilla náttúrunni. Þvert á móti eru smávirkjanir, ef rétt er frá þeim gengið, eins og umhverfislistaverk. Til verður lítið mannvirki sem fer jafnan vel að landslaginu og býr til orku sem er umhverfisvæn og sem kemur í veg fyrir að nota þurfi mengandi orkugjafa til þess að framkvæma þá vinnu sem þessi raforkuskammtur getur framkvæmt,“ skrifar hann.

## Hekla lætur til sín taka

Túrbínan er af Pelton gerð og er þýsk að uppruna með tveimur vatnshjólum. Rafallinn var 2x200 volta jafnstraumsrafall og var álagi áður stýrt með notkun heima á bænum með ofnum og lýsingu. Þegar mjaltavélar komu til sögunnar var einnig settur mótor á sogdæluna og þurfti þá að minnka á ofnum í íbúðarhúsi á meðan mjólkað var. Rekstur virkjunarinnar gekk að mestu áfallalaust fram til ársins 1947 þegar eldgos varð í Heklu en þá barst talsvert magn af ösku og vikri fram yfir Eyjafjöll. Ekki var gætt að því að stöðva virkjunina og þar sem vikur barst með vatninu inn í rörin olli það síðar skemmdum á túrbínuhjólunum. Á einni viku eyddust skóflurnar upp og göt komu á túrbínuhúsið. Þá tóku við viðgerðir og voru nýjar skóflur steyptar í eldsmiðju heima á bænum. Hlé var gert á rafmagnsframleiðslu um nokkurra mánaða skeið.



Gamla virkjunin sem skemmdist þegar Eyjafjallajökull gaus árið 2010. Hún fer aftur í gang í ágúst eftir að endurbætur hafa verið gerðar á henni.

Árið 1960 byggði Eggert Ólafsson við stöðvarhúsið og það var stækkað um helming. Hann smíðaði líka nýja túrbínu sem var með tveimur túrbínuhjólum og steypti í eldsmiðju sinni nýjar skóflur og kom þeim fyrir á drifönxli túrbínunnar. Fenginn var sams konar rafall og fyrir var. Framleiðslan jókst við þetta en þá voru komnar tvær vélasamstæður sem keyra mátti saman eða sitt í hvoru lagi. Ef bilun kom upp í annarri þá var hægt að tengja hina, sem gerði það að verkum að rekstraröryggi var mun meira.

Árið 1964 var svo rafmagn leitt um sveitina frá Sogsvirkjun sem kallað var til að byrja með Sogsrafmagnið. Þá var heimarafmagnið eingöngu notað til upphitunar á íbúðarhúsi í nokkur ár. Borað var eftir heitu vatni rétt fyrir framan stöðvarhúsið árið 1989 og fékkst þar 66 stiga heitt vatn, 1,5 l/sek. sjálfrennandi sem notað er til hús-



Nýja túrbínan er vandaverk.

hitunar. Þar með var minni þörf fyrir rafmagn frá virkjuninni sem áður hafði framleitt rafmagn til húshitunar.

## Aftur hefur eldgos áhrif

Aftur áttu náttúruöflin þátt í að stöðva rekstur virkjunarinnar þegar gaus í Eyjafjallajökli 14. apríl 2010. Mikil aska lagðist yfir Svaðbælisheiði og fyllti lækjarfarvegi af ösku svo ekki var annað að gera en að hætta framleiðslu og stöðva vélarnar. Uppistöðulón virkjunarinnar fylltist af ösku og var mokað upp úr því margsinnis.

Vegna ösku í vatninu frá því í eldgosinu hefur ekki verið óhætt að gangsetja vélarnar þar sem askan spænir upp túrbínuhjólin. Tíminn hefur verið notaður til þess að smíða nýjar túrbínur og gera við rör. Virkjunin framleiðir mest 18 kW 400 volt, þriggja fasa og er tengd raforkukerfinu. Stefnt er að gangsetningu í ágúst.

# Vindorka á Vestfjörðum

EM Orka hyggst reisa vindorkugarð á Garpsdalsfjalli í Reykhólahreppi á Vestfjörðum.



Ásýnd vindorkugarðsins handan fjalla séð frá Saurbæ við Gilsfjörð. Svæðið stendur hátt yfir sjó og eru áhrif á minjar og dýralíf mjög takmörkuð.

EM Orka hefur unnið að uppsetningu vindorkugarðs á Garpsdalsfjalli frá ársbyrjun 2018. „Garðurinn mun hýsa 35 vindmyllur sem munu standa á um 3,3 km$^2$ landsvæði og koma til með að framleiða allt að 126 MW. Garðurinn er einungis 22 km austur af Reykhólum og tæknilega gæti framleiðslan hafist í ársbyrjun 2022. Garðurinn verður í 550 metra hæð yfir sjávarmáli og er allt skipulag og hönnun hans með það að markmiði að útiloka og/eða lágmarka sjónræn áhrif og hljóðmengun nærumhverfis. Sem dæmi má nefna að tenging vindorkugarðsins við tengivirki Landsnets í Geiradal verður neðanjarðar,“ segir Ríkarður Örn Ragnarsson, verkefnastjóri EM Orku.

EM Orka ehf. er í jafnri eigu EMPower og Vestas A/S en saman hafa þau yfir 85 ára reynslu af verkefnum sem þessu í fimm heimsálfum. Aukreitis er Vestas stærsti framleiðandi vindmylla í heiminum.

Svæðið í kring er strjálbýlt og lega landsins veitir nærliggjandi íbúum skjól frá ásýnd garðsins. Náið samráð hefur verið haft við íbúa allt frá upphafi til að tryggja sátt um verkefnið. Ferðamennska er ekki mikil á svæðinu en tryggt er að frágangur og ásýnd muni ekki hindra slíka uppbyggingu.

Þar sem svæðið stendur hátt yfir sjó eru áhrif á minjar og dýralíf mjög takmörkuð. Garðurinn er þar að auki í 6 km fjarlægð frá tengivirki í Geiradal sem lágmarkar þörf á háspennulínum og raski sem þeim fylgir.

Jarðvegur á rannsóknarsvæði er aðallega melur með frostlyftu efni sem mun eiga auðvelt með að endurnýja sig eftir líftíma vindorkugarðsins. Hluti af verkefninu er sjóður sem mun bera kostnað af að fjarlægja ummerki vindorkugarðsins. Líftími vindorkugarða er 25 ár og eftir þann tíma er tekin ákvörðun um hvort hann fari í endurnýjun og haldi þannig áfram raforkuvinnslu á svæðinu eða vindmyllur teknar niður og gengið frá landinu. Þannig er rask af verkefninu í algjöru lágmarki við raforkuvinnslu af þessu tagi.

Gert er ráð fyrir um 400 óbeinum störfum við verkefnið, 200 störfum á byggingartíma en 25 bein störf verða til í sveitarfélaginu og fylgja verkefninu út líftíma þess. Verkefninu fylgir 376 milljóna kr. samfélagssjóður sem mun standa öllum íbúum Reykhólahrepps til boða. Þar verður 15 milljónum á ári úthlutað til verkefna sem tengjast heilbrigðisþjónustu, menntun, innviðauppbyggingu, sjálfbærni eða nýsköpun.

Vindorkugarðurinn í Garpsdal er rúmlega 16 milljarða króna fjárfesting og er að auki virkjanakostur sem er að fullu afturkræfur. Það verða því komandi kynslóðir sem ákveða hvort vindmyllur verði endurnýjaðar og orkuvinnslu haldið áfram eða garðinum verði lokað og gengið frá svæðinu í upprunalegt horf.







**Nú er ódýrara að hlaða bílinn því heimili í viðskiptum við ON fá 40% afslátt** í hraðhleðslum okkar um allt land með ON lyklinum.

**Kynntu þér málið á www.on.is**

ORKA NÁTTÚRUNNAR

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

# Sparaðu orku við þvottinn

Um 20% raforkunotkunar hvers heimilis fara í þvotta og þurrkun. Á vef Orkusetursmá finna nokkur ráð til að draga úr rafmagnsnotkun þvottavéla og þurrkara. Þar kemur fram að best er að fylla alltaf þvottavélina þegar á að þvo í staðinn fyrir að setja hálftóma vél af stað. Forþvottur er ekki nauðsynlegur nema í einstaka tilvikum og án hans sparast 20% af rafmagnsnotkuninni. Oftast dugar að þvo flíkur við 40°C hita en því hærra sem hitastigið er því meiri er orkusóunin. Nýjar þvottavélar spara meiri raforku en gamlar, sérstaklega vélar í flokki A, A+ og A++. Þurrkarar krefjast mikillar orkunotkunar og til að draga úr sóun ber bæði að varast að hafa þurrkarann troðfullan eða hálftóman. Það er mikilvægt að hreinsa lósíuna eftir hverja notkun og þeytivinda flíkurnar vandlega áður en þær eru settar í þurrkarann. Svo má ekki gleyma að ef þvottur er hengdur til þerris á snúrur er engri orku sóað.



**Tuttugu prósent raforkunotkunar fer í þvotta og þurrkun.**



**Nýir kæliskápar töluvert betri en þeir eldri.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Opinn ísskápur engum til gagns

Um 20% raforku fara í að kæla og frysta matvæli. Til að forðast orkutap ætti að opna kæliskápa og frystigeymslur sem sjaldnast og aldrei hafa opið í langan tíma í einu. Í kæliskáp er nægilegt að hafa 4°C en -18°C í frystigeymslunni. Lægri hiti eykur aðeins orkunotkun en kemur ekki að gagni.

